

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B13-17

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 13-17

Nr. 124-172

2005

Efnisyfirlit B 13–17 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
124	25. jan.	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi	145
125	28. jan.	Reglur um úthlutun styrkveitinga úr tónlistarsjóði	146-148
126	20. jan.	Auglýsing um skrá Stykkishólmsbæjar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	148
127	28. jan.	Auglýsing um skrá Skeiða- og Gnúpverjahrepps skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	149
128	27. jan.	Gjaldskrá vegna útgáfu hestavegabréfa fyrir útflutningshross ...	149-150
129	27. jan.	Auglýsing um skrár Reykjavíkurborgar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	150-154
130	28. jan.	Auglýsing um skrá Sveitarfélagsins Skagafjarðar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	154-155
131	25. jan.	Auglýsing um skrá Strætó bs. skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	155
132	27. jan.	Reglur um breytingu (22) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000	156
133	27. jan.	Auglýsing um skrá Borgarfjarðarsveitar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna..	156
134	25. jan.	Reglur um doktorsnám og rannsóknánámsnefnd við laga-deild Háskóla Íslands	157-161
135	2. feb.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	161
136	2. feb.	Auglýsing (II) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta	162-165
137	27. jan.	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi eystra	165-167
138	21. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Breiðdalshreppi	168
139	31. jan.	Auglýsing um skrár Rangárþings ytra skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	169-170
140	3. feb.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi Brekkuskóla og nágreennis, Akureyri	170
141	13. jan.	Reglur um Lánasjóð nemenda í skipstjórn og vélstjór	171-172
142	13. jan.	Gjaldskrá vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa og skipulags- og byggingarnefndar Rangárþings eystra	172-173
143	24. jan.	Auglýsing um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ	174
144	1. jan.	Gjaldskrá fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarfjarðarsveit	174-175
145	1. jan.	Gjaldskrá fyrir vatnsgjald, aukavatnsgjald og stofngjald vatnsveitu í Borgarfjarðarsveit	175-176
146	1. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu fyrir lögbýli, íbúðarhús og sumarhús í Borgarfjarðarsveit	176
147	21. jan.	Gjaldskrá fyrir söfnunar- og förgunargjald sorps á Álftanesi	177
148	25. jan.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis á Akureyri	178
149	25. jan.	Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg	178

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 – 2005

25. janúar 2005

145

Nr. 124

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Hafnarbraut 11. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 16. desember 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 11 við Hafnarbraut. Í breytingunni felst að atvinnuhúsnæði er breytt í atvinnu- og íbúðarhúsnæði með 19 íbúðum á 1., 2. og 3. hæð sem og í risi. Atvinnuhúsnæði var fyrir breytinguna 2350 m² en verður 500 m² og bundið við kjallara hússins.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarbraut 21 og 23. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 16. desember 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 21-23 við Hafnarbraut. Í breytingunni felst að atvinnuhúsnæði er breytt í atvinnu- og íbúðarhúsnæði með 10 íbúðum á 1., 2. og 3. hæð. Atvinnuhúsnæði var fyrir breytinguna 1900 m² en verður eftir hana 900 m².

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Grandahvarf 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 8. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 2. desember 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Grandahvarf 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 8 (F-2 reitur). Í breytingunni felst m.a. að við Grandahvarf 2, 4 og 6 þar sem gert er ráð fyrir tveimur bílgeymslum í hverju húsi, verði hámarks flatarmál húsa 860 m² í stað 816 m² og hámarks grunnflötur tæpir 300 m². Jafnframt færast byggingarreitirnir í heild sinni 0,4 m til suðurs, þ.e. fjær götu. Við Grandahvarf 8 er gert ráð fyrir 4 stakstæðum bílskúrum auk möguleika á 2 innbyggðum bílskúrum. Bílastæði við Grandahvarf nr. 8 verði staðsett norðan við húsið í stað þess að vera vestan við það. Almennur göngustígur milli Grandahvarfs nr. 2 og 4 er felldur niður. Stærð lóða og lóðamörk við Grandahvarf 1, 3, 5 og 8 breytast.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 25. janúar 2005.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

REGLUR

um úthlutun styrkveitinga úr tónlistarsjóði.

Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Hlutverk tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra. Fjárveitingar til tónlistarsjóðs eru ákveðnar í fjárlögum ár hvert. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild.

Tónlistardeild veitir styrki til almennrar tónlistarstarfsemi, svo sem:

- a. tónlistarflutnings hvers konar,
- b. tónlistarhópa,
- c. tónlistarhátíða,
- d. rannsóknna og skráninga á tónlist,
- e. varðveislu tónlistar,
- f. annarrar tónlistarstarfsemi.

Markaðs- og kynningardeild veitir m.a. styrki til:

- g. markaðssetningar og kynningarverkefna í tengslum við íslenska tónlist og tónlistarmenn innanlands og erlendis,
- h. annarra verkefna, sem miða að kynningu á íslenskri tónlist og tónlistarmönnum innanlands og erlendis.

Menntamálaráðherra úthlutar styrkjum úr báðum deildum tónlistarsjóðs a.m.k. tvisvar á ári. Styrkjum skal úthlutað til ákveðinna verkefna og til ákveðins tíma hverju sinni.

Auglýsingar og umsóknir.

2. gr.

Menntamálaráðuneyti auglýsir eftir umsóknum um styrki úr tónlistarsjóði í dagblöðum eða með öðrum sannanlegum hætti. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um tilgang og hlutverk sjóðsins, helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum, um eyðublöð fyrir umsóknir og hvar þau sé að finna. Þá skal skilgreindur umsóknarfrestur og hvenær umsóknir verði afgreiddar.

3. gr.

Umsóknum skal skilað á umsóknareyðublaði tónlistarsjóðs og skulu bera greinilega með sér hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum. Þeim skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

- a. upplýsingar um umsækjanda eða umsækjendur, aðra þátttakendur og samstarfsaðila, ef einhverjir eru, og nafn þess sem annast samskipti við sjóðinn,
- b. upplýsingar um starfsferil, faglegan og listrænan bakgrunn aðila verkefnisins,
- c. lýsing á verkefninu, markmiðum þess og þýðingu fyrir umsækjanda og með tilliti til hlutverks sjóðsins,
- d. verk- og tímaáætlun,
- e. fjárhagsáætlun, þar sem fram koma m.a. upplýsingar um áætlaðan kostnað, tekjur, hlutdeild annarra í kostnaði við verkefnið og styrkfé sem verkefnið hefur hlotið eða hefur sótt um,
- f. staðfest gögn frá samstarfsaðilum sem og önnur gögn til stuðnings umsókn.

Mat á umsóknum.

4. gr.

Tónlistarráð metur styrkhæfi umsókna og gerir tillögur til menntamálaráðherra um afgreiðslu þeirra. Menntamálaráðuneyti getur sett tónlistarráði ákveðna fresti í þessu skyni.

Mat á umsóknum skal einkum byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum eftir því sem við á:

- a. listrænu gildi og mikilvægi verkefnis fyrir almenna tónlistarstarfsemi og eflingu íslenskrar tónlistar;
- b. gildi og mikilvægi verkefnis fyrir kynningu og markaðssetningu íslenskrar tónlistar;
- c. að umsækjanda takist að ná þeim markmiðum sem verkefnið miðar að;
- d. starfsferli, faglegum og/eða listrænum bakgrunni umsækjanda og annarra þátttakenda;
- e. fjárhagsgrundvelli verkefnisins og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki.

Hafi umsækjandi áður fengið styrk úr tónlistarsjóði þarf að liggja fyrir greinargerð hans um framkvæmd fyrra verkefnis og ráðstöfun styrkfjárins til að ný umsókn af hans hálfu komi til greina.

Að jafnaði er hvorki gert ráð fyrir styrkveitingum til rekstrar og umsýslu samtaka, fyrirtækja og stofnana, sem hljóta regluleg rekstrarframlög, né til verkefna og viðburða sem þegar hafa átt sér stað.

Við mat á umsóknum getur tónlistarráð leitað umsagnar fagaðila, þegar það telur þess þörf.

Ákvörðun um styrkveitingar og eftirlit.

5. gr.

Tónlistarráð gerir tillögu til menntamálaráðherra um úthlutun og ráðstöfun fjár úr tónlistarsjóði. Tillögur tónlistarráðs skulu vera skriflegar og geyma í stuttu máli almenna lýsingu á framkvæmd og málsmeðferð við tillögugerðina. Sérhverri umsókn skal fylgja stutt umsögn ásamt tillögu um afgreiðslu hennar.

6. gr.

Menntamálaráðherra tekur ákvörðun um styrkveitingar úr tónlistarsjóði á grundvelli tillagna tónlistarráðs. Ráðherra er heimilt að binda styrkveitingar skilyrðum er stuðla að eðlilegri framvindu þeirra verkefna sem styrkt eru. Í þeim tilvikum kemur styrkur ekki til greiðslu nema að uppfylltum þessum skilyrðum. Í því skyni er heimilt að krefja styrkþega um skýrslur um framvindu verkefnisins sem styrkt er. Lokagreiðsla styrkfjár kemur að jafnaði ekki til úthlutunar fyrr en greinargerð um verkefnið hefur borist ráðuneytinu.

Menntamálaráðuneyti tilkynnir umsækjendum skriflega um afgreiðslu umsókna þeirra. Umsækjendum um styrki til verkefna, sem fallist er á að styrkja, skal jafnframt tilkynnt um skilyrði sem styrkveiting er bundin, eftirlit sem henni fylgir og viðurlög, ef út af bregður.

Menntamálaráðuneyti annast greiðslu styrkja. Viðtaka styrkfjár felur í sér viðurkenningu á að styrkþegi fallist á þau skilyrði sem styrkveiting er bundin.

7. gr.

Verði brestur á að ráðist sé í verkefni, teffist framkvæmd þess úr hófi eða komi önnur skilyrði sem styrkveiting kann að vera bundin ekki fram innan eðlilegra tímamarka, getur menntamálaráðuneytið tekið ákvörðun um að fella styrkveitingu niður.

Ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var, getur menntamálaráðuneytið krafist þess að sjóðnum verði endurgreiddur styrkur í heild eða að hluta.

Áður en ákvörðun samkvæmt 1. eða 2. mgr. er tekin skal styrkþega gefinn kostur á að lýsa viðhorfi sínu til málsins.

Styrktímabil.

8. gr.

Styrkir úr tónlistarsjóði skulu veittir til ákveðinna verkefna og að jafnaði ekki lengur en til eins árs í senn. Menntamálaráðherra getur ákveðið, skv. tillögu tónlistarráðs að veita styrki eða vilyrði fyrir áframhaldandi styrkveitingum til verkefna sem taka til lengri tíma en eins árs.

Gildistaka.

9. gr.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 4. mgr. 1. gr. laga um tónlistarsjóð nr. 76/2004 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 28. janúar 2005.

Porgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

Nr. 126

20. janúar 2005

AUGLÝSING

**um skrá Stykkishólmsbæjar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Skrá yfir þá sem falla undir 6. – 8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Stykkishólmsbær:

Bæjarstjóri.
Bæjarritari.
Skípulags- og byggingarfulltrúi.
Slökkviliðsstjóri.
Skólastjóri grunnskóla.
Aðstoðarskólastjóri grunnskóla.
Skólastjóri leikskóla.
Starfsmaður launadeildar.
Forstöðumaður íþróttamiðstöðvar.
Skólastjóri Tónlistarskóla.
Forstöðumaður bókasafns.
Forstöðumaður félagsmiðstöðvar.

Skrá yfir þá sem falla undir 5. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna:

<i>Dvalarheimilið Stykkishólmi:</i>	Forstöðumaður	1,0 stöðugildi.
	Endurhæfing	1,0 stöðugildi.
	Færnisþjálfun	1,0 stöðugildi.
	Hjúkrunardeild	5,5 stöðugildi.
	Mötuneyti	1,5 stöðugildi.
	Rekstur fasteigna	2,0 stöðugildi.
	Ræsting/þvottahús	2,0 stöðugildi.
	Öldrunardeild	3,0 stöðugildi.

Skrá þessi tekur þegar gildi.

Stykkishólmi, 20. janúar 2005.

Þór Örn Jónsson bæjarritari.

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 – 2005

28. janúar 2005

149

Nr. 127

AUGLÝSING

um skrá Skeiða- og Gnúpverjahrepps skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Sveitarstjóri	Skrifstofunni Árnesi
Skrifstofustjóri/launafulltrúi	Skrifstofunni Árnesi
Verkstjóri áhaldahúss	Áhaldahúsi
Flokksstjóri áhaldahúss	Áhaldahúsi
Leikskólastjóri	Nónsteini
Deildarstjóri leikskóla	Nónsteini
Leikskólastjóri	Leikholti
Deildarstjóri leikskóla	Leikholti
Skólastjóri grunnskóla	Þjósárskóla
Aðstoðarskólastjóri	Þjósárskóla

Skrá þessi tekur þegar gildi.

Árnesi, 28. janúar 2005.

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps,

Ingunn Guðmundsdóttir sveitarstjóri.

27. janúar 2005

Nr. 128

GJALDSKRÁ

vegna útgáfu hestavegabréfa fyrir útflutningshross.

1. gr.

Gjald vegna hestavegabréfs fyrir hross með A-vottun á ætterni: kr. 4.200.

Gjald vegna hestavegabréfs fyrir önnur hross: kr. 4.900.

Gjald vegna flýtimeðferðar kr. 8.200 (þ.e. ef gögn hafa eigi borist innan tilskilins frests samkvæmt 2. gr.).

Gjald vegna endurútgáfu vegabréfs kr. 4.200.

2. gr.

Gögn vegna útgáfu hestavegabréfa skulu hafa borist skrifstofu Bændasamtaka Íslands eigi síðar en þremur virkum dögum fyrir útflutning.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2002 um útflutning hrossa og öðlast gildi 1. febrúar 2005. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá vegna útgáfu hestavegabréfa fyrir útflutingshross nr. 442/2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. janúar 2005.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um skrár Reykjavíkurborgar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Störf merkt með * heyra undir ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar og eru þessir starfsmenn undanþegnir samningsumboði stéttarféлага.

I. Listi yfir þau störf sem falla undir 6.-7. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Yfirstjórn:

borgarstjóri
aðstoðarmaður borgarstjóra
skrifstofustjóri borgarstjórnar *
skrifstofustjóri borgarstjóra *
forstöðumaður innri endurskoðunardeildar *

Fjármálasvið:

sviðsstjóri fjármálasviðs *
fjármálastjóri *
fjárreiðustjóri
borgarbókari *

Framkvæmdasvið:

sviðsstjóri framkvæmdasviðs *
starfsmannastjóri
forstöðumaður fasteignastofu *
forstöðumaður gatnamálastofu *
forstöðumaður verkfræðistofu *
skrifstofustjóri borgarverkfræðings *
starfsmenn launadeilda (3 stg.)

Íþrótt- og tómstundasvið:

sviðsstjóri íþrótt- og tómstundasviðs *
aðstoðarsviðsstjóri

starfsmannastjóri

fjármálastjóri
starfsmenn launadeilda (3 stg.)
æskulýðsfulltrúi
framkvæmdastjóri skíðasvæða
íþróttafulltrúi
forstöðumaður Vesturbæjarlaugar
forstöðumaður Laugardalslaugar
forstöðumaður Grafarvogslaugar
(íþróttamiðstöðin Grafarvogi)
forstöðumaður Breiðholtslaugar
(íþróttamiðstöðin Austurbergi)
forstöðumaður Sundhallar
forstöðumaður Árbæjarlaugar
forstöðumaður Kjalarneslaugar
forstöðumaður Hins hússins
forstöðumaður frístundamiðstöðvarinnar
Frostaskjóls
forstöðumaður frístundamiðstöðvarinnar
Tónabæjar
forstöðumaður frístundamiðstöðvarinnar
Gufunesbæjar
forstöðumaður frístundamiðstöðvarinnar Ársels
forstöðumaður frístundamiðstöðvarinnar
Miðbergs

forstöðumaður Húsdýra- og fjölskyldugarðs

Menningar- og ferðamálasvið:

sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs *
borgarbókaforstjóri
borgarminjavörður
borgarskjalavörður
fjármálastjóri
starfsmannastjóri
framkvæmdastjóri menningarmála
forstöðumaður Gerðubergs
forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur
forstöðumaður Ljósmyndasafns
Reykjavíkurborgar
skrifstofustjóri Borgarbókasafns
skrifstofustjóri Minjasafns Reykjavíkur
skrifstofustjóri Listasafns Reykjavíkur

Menntasvið:

sviðsstjóri menntasviðs *
forstöðumaður fagsviðs leikskóla
forstöðumaður fjármála- og rekstrardeildar
leikskóla
forstöðumaður fjármálasviðs Fræðslumiðstöðvar
(grunnskóla)
forstöðumaður þjónustusviðs Fræðslumiðstöðvar
(grunnskóla)
forstöðumaður þróunarsviðs Fræðslumiðstöðvar
(grunnskóla)
starfsmannastjóri leikskóla
starfsmannastjóri grunnskóla
deildarstjóri launa- og bókhaldsdeildar
starfsmenn launadeilda (3 stg.)
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri
Austurbæjarskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri
Álftamýrarskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Árbæjarskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Ártúnsskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Borgarskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri
Breiðagerðisskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri
Breiðholtsskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Brúarskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Engjaskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Fellaskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Foldaskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Fossvogsskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Grandaskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Hagaskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Hamraskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Háteigsskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Hlíðaskóla

skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri
Hólabrekkuskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Húsaskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri
Hvassaleitisskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Ingunnarskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Klébergsskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Korpuskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Langholtsskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri
Laugalækjarskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri
Laugarnesskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Melaskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri
Norðlingaholtsskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri
Réttarholtsskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Rimaskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri
Safamýrarskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Seláskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Seljaskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri
Vesturbæjarskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Víkurskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Vogaskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri Ölduselsskóla
skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri
Öskjuhlíðarskóla
leikskólalastjóri Arnarborgar
leikskólalastjóri Austurborgar
leikskólalastjóri Álftaborgar
leikskólalastjóri Árborgar
leikskólalastjóri Ásborgar
leikskólalastjóri Bakkaborgar
leikskólalastjóri Bakka
leikskólalastjóri Barónsborgar
leikskólalastjóri Bergs
leikskólalastjóri Blásala
leikskólalastjóri Brákarborgar
leikskólalastjóri Brekkuborgar
leikskólalastjóri Drafnarborgar
leikskólalastjóri Dvergasteins
leikskólalastjóri Engjaborgar
leikskólalastjóri Fálkaborgar
leikskólalastjóri Fellaborgar
leikskólalastjóri Fífuborgar
leikskólalastjóri Foldaborgar
leikskólalastjóri Foldakots
leikskólalastjóri Funaborgar
leikskólalastjóri Furuborgar
leikskólalastjóri Garðaborgar
leikskólalastjóri Geislabaugis

leikskólastjóri Grandaborgar
 leikskólastjóri Grænaborgar
 leikskólastjóri Gullborgar
 leikskólastjóri Hagaborgar
 leikskólastjóri Hamraborgar
 leikskólastjóri Hamra
 leikskólastjóri Hálsaborgar
 leikskólastjóri Hálsakots
 leikskólastjóri Heiðarborgar
 leikskólastjóri Hlíðaborgar
 leikskólastjóri Hlíðarenda
 leikskólastjóri Hofs
 leikskólastjóri Holtaborgar
 leikskólastjóri Hólaborgar
 leikskólastjóri Hraunborgar
 leikskólastjóri Hulduheima
 leikskólastjóri Jöklaborgar
 leikskólastjóri Jörfa
 leikskólastjóri Klambra
 leikskólastjóri Klettaborgar
 leikskólastjóri Kvarnaborgar
 leikskólastjóri Kvistaborgar
 leikskólastjóri Laufásborgar
 leikskólastjóri Laufskála
 leikskólastjóri Laugaborgar
 leikskólastjóri Leikgarðs
 leikskólastjóri Lindarborgar
 leikskólastjóri Lyngheima
 leikskólastjóri Lækjaborgar
 leikskólastjóri Mariuborgar
 leikskólastjóri Mánagarðs
 leikskólastjóri Múlaborgar
 leikskólastjóri Mýrar
 leikskólastjóri Njálaborgar
 leikskólastjóri Nóaborgar
 leikskólastjóri Rauðuborgar
 leikskólastjóri Rofaborgar
 leikskólastjóri Seljaborgar
 leikskólastjóri Seljakots
 leikskólastjóri Sjórnarhóls
 leikskólastjóri Skógarborgar
 leikskólastjóri Sólbakka
 leikskólastjóri Sólborgar
 leikskólastjóri Sólhlíðar
 leikskólastjóri Stakkaborgar
 leikskólastjóri Steinahlíðar
 leikskólastjóri Suðurborgar
 leikskólastjóri Sunnuborgar
 leikskólastjóri Sæborgar
 leikskólastjóri Tjarnaborgar
 leikskólastjóri Vesturborgar
 leikskólastjóri Völvuborgar
 leikskólastjóri Ægisborgar

leikskólastjóri Öldukots
 leikskólastjóri Aspar

Skipulags- og byggingasvið:
 sviðsstjóri skipulags- og byggingasviðs *
 byggingarfulltrúi *
 skipulagsfulltrúi *
 starfsmenn launadeilda (1 stg.)

Stjórnarsýslu- og starfsmannasvið:
 sviðsstjóri stjórnarsýslu- og starfsmannasviðs *
 forstöðumaður kjarapróunardeildar *
 skrifstofustjóri skrifstofu borgarritara *

Umhverfissvið:
 sviðsstjóri umhverfissviðs *
 starfsmannastjóri

Velferðarsvið:
 sviðsstjóri velferðarsviðs *
 starfsmannastjóri velferðarsviðs
 framkvæmdastjóri skrifstofu barnaverndar
 framkvæmdastjóri þjónustusviðs
 forstöðumaður lögfræðisviðs velferðarsviðs
 framkvæmdastjóri fjármálasviðs
 framkvæmdastjóri ráðgjafasviðs
 framkvæmdastjóri þróunarsviðs
 starfsmenn launadeilda (1,5 stg.)

Þjónustu- og rekstrarsvið:
 sviðsstjóri þjónustu- og rekstrarsviðs *
 fjármálastjóri
 forstöðumaður Bílastaðasjóðs
 forstöðumaður rekstrar- og þjónustuskrifstofu
 Ráðhúss
 forstöðumaður upplýsingateknipjónustu
 forstöðumaður félags- og þjónustumiðstöðvar,
 Aflagrandar
 forstöðumaður félags- og þjónustumiðstöðvar,
 Vesturgötu
 forstöðumaður félags- og þjónustumiðstöðvar,
 Hvassaleiti
 forstöðumaður félags- og þjónustumiðstöðvar,
 Bólstaðarhlíð
 forstöðumaður félags- og þjónustumiðstöðvar,
 Árskógum
 forstöðumaður félags- og þjónustumiðstöðvar,
 Hraunbæ
 framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Miðgarðs *
 framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar
 Laugardals og Háaleitis *
 framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar
 Vesturbæjar *
 framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar
 Miðborgar og Hlíða *

framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar
Breiðholts og Árbæjar *
forstöðumaður félagsmiðstöðvar og íbúða
aldraðra, Norðurbrún
forstöðumaður félagsmiðstöðvar og íbúða
aldraðra, Lönguhlíð

forstöðumaður félagsmiðstöðvar og íbúða
aldraðra, Furugerði
forstöðumaður framreiðslueldhúss, Lindargötu
skrifstofustjóri rekstrar- og þjónustuskrifstofu
Ráðhúss *
starfsmenn launadeilda (2 stg.)

II. Listi yfir þau störf sem falla undir 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Framkvæmdasvið:

Gatnamálastofa
yfirverkfræðingur rekstardeildar
gatnamálastjóra
umsjónarmaður umferðaljósa

Korpúlfsstaðir

umsjón fasteigna (1 stg.)

Skrifstofa borgarverkfræðings
umsjón fasteigna (1 stg.)

Tölvudeild

deildarstjóri tölvudeildar

Íþrótt- og tómstundasvið:

forstöðumaður eignamála
búfræðingar/dýrahirðar (4 stg.)
forstöðumaður tölvudeildar

Menningar- og ferðamálasvið:

Minjasafn Reykjavíkur
ráðsmaður Árbæjarsafns
verkefnastjóri

Menntasvið:

Öskjuhlíðarskóli
kennarar (39 stg.)
húsvörður (1 stg.)
ræsting (5 stg.)

Safamýrarskóli

kennarar (12 stg.)
húsvörður (1 stg.)

Brúarskóli (BUGL)

deildarstjóri (1 stg.)
kennarar (3 stg.)
húsvörður (1 stg.)
ræsting (2 stg.)

Fellaskóli, sérdeild einhverfra

deildarstjóri (1 stg.)
kennarar (1 stg.)
ræsting (1 stg.)

Hamraskóli, sérdeild einhverfra

deildarstjóri (1 stg.)
kennarar (3 stg.)
ræsting (1 stg.)

Langholtsskóli, sérdeild einhverfra

deildarstjóri (1 stg.)
kennarar (3 stg.)
ræsting (1 stg.)

Hlíðaskóli, vesturhlíðadeild

deildarstjóri (1 stg.)
kennarar (7 stg.)
ræsting (1 stg.)
túlkar (2 stg.)

Stjórnsýslu- og starfsmannasvið:

Ráðhús

deildarstjóri síma- og upplýsingaþjónustu
umsjónarmaður Ráðhúss
öryggisvörður (4 stg.)
deildarstjóri tölvuþjónustu
umsjónarmaður tölvukerfa
kerfisfræðingur víðnets
verkefnisstjóri miðlægra kerfa

Velferðarsvið:

Hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir, Snorrabraut:

forstöðumaður (1 stg.)
forstöðumaður mötuneytis (1 stg.)

Hjúkrunardeild I:

1 hjúkrunarfræðingur á vakt (dag- og kvöldvakt)
sjúkraliðar (4,2 stg.)

Hjúkrunardeild II:

1 hjúkrunarfræðingur á vakt (dag- og kvöldvakt)
sjúkraliðar (4,2 stg.)

Hjúkrunardeild III:

1 hjúkrunarfræðingur á vakt (dag- og kvöldvakt)
sjúkraliðar (2,4 stg.)

Hjúkrunardeildir I, II og III:

1 hjúkrunarfræðingur á næturvakt

Hjúkrunar- og vistheimili aldraðra, Seljahlíð, Hjallaseli:

forstöðumaður (1 stg.)
forstöðumaður mötuneytis (1 stg.)
fulltrúar (símavarsla) (1 stg.)

Hjúkrunardeild:
 1 hjúkrunarfræðingur á vakt (dag- og kvöldvakt)
 sjúkraliðar (5,6 stg.)
 Vistdeild:
 1 hjúkrunarfræðingur á vakt (dag- og kvöldvakt)
 sjúkraliðar (2,0 stg.)
 Hjúkrunar- og vistdeild:
 1 hjúkrunarfræðingur á næturvakt
 Þjónustuþúðir:
 1 hjúkrunarfræðingur á dagvakt
 Þjónustuþúðir aldraðra, Dalbraut 21-27:
 forstöðumaður (1 stg.)
 forstöðumaður mótuneytis (1 stg.)
 fulltrúar (símavarsla) (0,5 stg.)
 sjúkraliði (1 stg.)
 Vistheimili barna, Laugarásvegi:
 forstöðumaður (1 stg.)
 leikskólakennarar (3,5 stg.)
 uppeldis- og meðferðarfulltrúar/fræðingar (3 stg.)

Dagdeild fyrir aldraða, Þorraseli:
 1 hjúkrunarfræðingur á dagvakt
 Skrifstofa barnaverndar, Skipholti:
 ráðgjafar (2 stg.)
 Búseta fatlaðra, Skúlagötu og Einarsnesi:
 Skúlagata:
 liðsmenn (6 stg.)
 Einarsnes:
 liðsmenn (3 stg.)
 Búsetuþjónusta geðfatlaðra, Miklubraut:
 forstöðumaður (1 stg.)
 Skammtímavistheimili barna, Álfalandi:
 forstöðumaður (1 stg.)
 Félags- og þjónustumiðstöð, Lindargötu:
 forstöðumaður (1 stg.)
 öryggisverðir (4 stg.)
 Dagdeild fyrir Alzheimer:
 hjúkrunarfræðingar (1,6 stg.)

Borgarstjórnin í Reykjavík, 27. janúar 2005.

Steinn Valdís Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um skrá Sveitarfélagsins Skagafjarðar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 5. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986:

<i>Starf:</i>	<i>Stöðugildi:</i>
Hafnarvörður	1
Forstöðumaður sambýlis Fellstúni	1
Starfsmenn sambýlis Fellstúni	8
Deildarstjóri sambýlis Jöklatúni	1
Starfsmenn sambýlis Jöklatúni	2,4
Forstöðumaður Iðju	1
Starfsmenn Iðju	3,2
Deildarstjóri málefna fatlaðra	1
Starfsmenn í frekari liðveisla Freyjugötu 18	0,8
Þroskaþjálfari Freyjugötu 18 og sjálfstæðrar búsetu	1
Dagvist aldraðra	3,5
Forstöðumaður skammtímavistunar	0,5
Starfsmenn skammtímavistunar	3
Slökkviliðsstjóri	1
Sjúkraflutningar	2
Bílstjóri þjónustubíls fatlaðra	1

Skrá yfir þá sem falla undir 6. – 8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

<i>Starf:</i>	<i>Stöðugildi:</i>
Sveitarstjóri	1
Sviðsstjóri fjármálasviðs	1
Sviðsstjóri eignasjóðs	1
Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs	1
Sviðsstjóri fjölskyldu- og þjónustusviðs	1
Sviðsstjóri markaðs- og þróunarsviðs	1
Skipulags- og byggingarfulltrúi	1
Fræðslu- og íþróttafulltrúi	1
Starfsmenn launadeildar	1,5
Veitustjóri Skagafjarðarveitna ehf.	1
Forstöðumaður Íþróttahúss Sauðárkróks	1
Forstöðumaður íþróttamiðstöðvar Varmahlíðar	1
Forstöðumaður Sundlaugar Sauðárkróks	1
Forstöðumaður Fræðaseturs Skagfirðinga	1
Forstöðumaður Byggðasafns Skagfirðinga	1
Skólastjórar grunnskóla	4
Aðstoðarskólastjórar grunnskóla	2
Forstöðumaður Árvistar	1
Skólastjórar leikskóla	4
Yfirverkstjóri þjónustumiðstöðvar	1

Auglýsing þessi öðlast gildi 1. febrúar 2005.

Sauðárkróki, 28. janúar 2005.

Ársæll Guðmundsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um skrá Strætó bs. skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

I. Listi yfir þau störf sem falla undir 6.-7. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

- Framkvæmdastjóri
- Aðstoðarframkvæmdastjóri (starfsmannastjóri)
- Starfsmenn launadeildar (1 stg.)

II. Listi yfir þau störf sem falla undir 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

- Aðstoðarframkvæmdastjóri (sviðsstjóri farþegaþjónustu)
- Deildarstjóri tæknideildar

Reykjavík, 25. janúar 2005.

Framkvæmdastjóri Strætó bs.,

Ásgeir Eiríksson.

REGLUR

um breytingu (22) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Aftan við lokamálsgrein ákvæða til bráðabirgða í reglum nr. 458/2000 kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. reglna þessara um fyrirkomulag rektorskjörs skal við framkvæmd kosninga á árinu 2005 miða við að kjördagur verði 1. – 15. mars 2005.

2. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 27. janúar 2005.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um skrá Borgarfjarðarsveitar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir alla þá sem falla undir 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Borgarfjarðarsveit:	Sveitarstjóri Fjármálastjóri Leikskólastjórar, 2 stöðugildi
SSBNS:	Skólastjórar, 2 stöðugildi Aðstoðarskólastjóri
Slökkvilið Borgarfjarðardala:	Slökkviliðsstjóri

Skrá þessi tekur þegar gildi.

Borgarfjarðarsveit, 27. janúar 2005.

Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 – 2005

25. janúar 2005

157

Nr. 134

REGLUR

um doktorsnám og rannsóknanámsnefnd við lagadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Doktorsnám í lagadeild.

Í lagadeild er unnt að stunda nám til doktorsprófs í lögfræði. Markmið doktorsnáms er að veita doktorsnemum vísindalega þjálfun og búa þá undir vísindastörf, meðal annars háskólakennslu eða sérfræðingsstörf við rannsóknastofnanir.

2. gr.

Rannsóknanámsnefnd.

Deildarfundur í lagadeild kys þriggja manna rannsóknanámsnefnd til tveggja ára í senn og skulu að minnsta kosti tveir nefndarmanna vera úr hópi fastráðinna kennara við deildina. Deildarforseti getur setið fundi nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa umsjón með rannsóknatengdu námi í deildinni, í samráði við deildarforseta, og hafa faglega umsjón með doktorsnámi í henni.

Nefndin skal setja almennar reglur um námsefni og námskröfur í einstökum kjörgreinum í hinu almenna meistaranámi í deildinni og ber að leita umsagnar hennar áður en tekin er ákvörðun um að hefja kennslu í nýrri kjörgrein í því námi. Umsjónarkennarar skulu taka ákvörðun um námsefni í þeim greinum, sem þeir hafa umsjón með, annast námsmat, sjá um kennslu og bera ábyrgð á gæðum hennar gagnvart deildarforseta í samræmi við reglur deildarinnar um hlutverk og verkefni umsjónarkennara.

Nefndin skal láta í té umsögn um umsóknir um doktorsnám, sbr. d- og e-liði 4. gr., samþykkja val á umsjónarkennara doktorsnema, sbr. 1. mgr. 8. gr., gera tillögu um skipan doktorsnefndar, sbr. 1. mgr. 9. gr., samþykkja rannsókn- og námsáætlun doktorsnema, sbr. 1. mgr. 10. gr., og gera tillögu um andmælendur við doktorsvörn, sbr. 14. gr.

3. gr.

Umsóknarfrestur.

Enginn fastur umsóknarfrestur er fyrir umsóknir um doktorsnám.

4. gr.

Meðferð umsókna.

Umsóknum um doktorsnám skal skilað til Lagastofnunar í umboði lagadeildar. Ferli umsóknar er sem hér segir:

- a) Umsókn um doktorsnám skal skilað á sérstöku eyðublaði lagadeildar. Með umsókn skal fylgja afrit af prófskríteinum, frumdrög að rannsóknáætlun og önnur fylgiskjöl, sbr. leiðbeiningar sem gefnar eru út af lagadeild.
- b) Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi fundið umsjónarkennara meðal fastra kennara lagadeildar og tryggt sér samþykki hans áður en sótt er um.
- c) Umsókn ber að senda til Lagastofnunar sem fer yfir hana og skráir, athugar hvort tilskilin gögn fylgja umsókninni og gengur eftir því sem á vantar.
- d) Að lokinni frumathugun skal leggja umsókn fyrir rannsóknanámsnefnd. Nefndin getur hafnað umsókn ef rannsóknáætlun þykir ófullnægjandi eða ef ekki er fjárhagslegur grundvöllur til að sinna umsækjanda.
- e) Að fenginni umsögn rannsóknanámsnefndar er umsókn afgreidd á deildarfundi. Sé umsókn hafnað af nefndinni skal rökstuðningur fylgja afgreiðslu. Afgreiðsla nefndarinnar er háð samþykki deildarfundar.
- f) Lagastofnun svarar umsækjanda skriflega eftir að deildarfundur hefur afgreitt umsóknina.
- g) Ef umsóknin er samþykkt tilkynnir Lagastofnun nemendaskrá um afgreiðsluna.
- h) Umsækjandi sem lagadeild hefur samþykkt í doktorsnám skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá innritun og skráningu þar.
- i) Lagastofnun varðveitir umsóknargögn og námsferilsgögn doktorsnema.

5. gr.

Inntökuskilyrði.

Sá sem hefur lokið meistaraprófi eða sambærilegu prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands eða öðrum háskóla getur sótt um aðgang að doktorsnámi. Einnig getur sá sem hefur stundað doktorsnám við annan háskóla sótt um aðgang að doktorsnámi við lagadeild. Að jafnaði skal doktorsnemi hafa lokið meistaraprófi eða sambærilegu prófi með fyrstu einkunn.

Ef einhver hyggst hefja doktorsnám strax að loknu meistaraprófi getur hann sótt um það áður en hann lýkur prófi, ef fyrir liggur staðfesting um að hann muni væntanlega ljúka meistaránáminu með fullnægjandi árangri áður en doktorsnám hefst. Doktorsnám getur enginn hafið fyrir en meistaraprófi er lokið að fullu.

Ef vafi leikur á að undirbúningur samsvari þeim undirbúningi sem framangreind próf eiga að tryggja, er heimilt að láta umsækjanda gangast undir hæfnispróf.

6. gr.

Einingafjöldi og tímallengd náms.

Doktorsritgerð við lagadeild skal metin til 90 eininga. Samhliða samningu ritgerðar skal doktorsnemi stunda nám eftir því sem gert er ráð fyrir í náms- og rannsóknáætlun hans, sbr. 2. mgr. 10. gr. Það nám skal m.a. vera fólgið í fræðslu um aðferðafræði lögfræði, réttarheimildir, lögskýringar og réttarheimspeki. Ef þörf er talin á að bæta enn frekar við þessa undirstöðuþekkingu doktorsnema má gera kröfu um að hann leggi stund á bóknám sem svari til allt að 30 eininga, auk framangreindra 90 eininga. Doktorsnám við lagadeild er þriggja ára fullt nám. Stundi doktorsnemi námið að hluta má námið taka allt að fimm ár. Ef ekki tekst að ljúka náminu á þeim tíma getur doktorsnemi sótt um undanþágu frá tímamörkum til

deildar. Verði undanþága veitt má setja þau skilyrði að doktorsnemi uppfylli þær kröfur sem þá eru í gildi um doktorsnám þótt hann hafi hafið námið meðan aðrar reglur giltu.

Doktorsnemi skal vera skráður og greiða skráningargjald allan námstímann.

7. gr.

Tengsl meistara- og doktorsnáms.

Ekki er heimilt að nota meistararitgerð aftur sem uppistöðu í doktorsritgerð, en í ýmsum tilvikum getur verið æskilegt að halda áfram á sama eða skyldu rannsóknasviði. Doktorsnema er heimilt að sækja námskeið á meistarastigi við Háskóla Íslands eða erlendan háskóla og fá þau metin sem hluta af bóknámi sínu, enda hafi þau ekki áður verið metin sem hluti af meistaranámi hans.

8. gr.

Umsjónarkennari.

Sérhver doktorsnemi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara sem skal vera fastur kennari (prófessor, dósent eða lektor) við lagadeild. Umsjón með doktorsnemum eiga þeir einir að hafa sem lokið hafa doktorsprófi eða jafngildi þess. Gæta þarf þess að verkefni doktorsnema sé á sérsviði umsjónarkennarans. Umsjónarkennarar skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sérsviði og hafa birt ritsmíðar er tengjast verkefni doktorsnema á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Skipun umsjónarkennara er háð samþykki rannsóknánámsnefndar.

Hlutverk umsjónarkennara er að fylgast með vinnu doktorsnema og veita leiðsögn við doktorsverkefni. Doktorsnemi ráðfærir sig við umsjónarkennara um gerð rannsóknáætlunar, skipulag námsins, val námskeiða, ef við á, og annað sem tengist náminu. Doktorsnemi getur jafnframt notið leiðsagnar annarra leiðbeinenda, að höfðu samráði við umsjónarkennara. Lagadeild setur nánari reglur um samstarf og hlutverk umsjónarkennara, doktorsnema og doktorsnefndar. Hætti umsjónarkennari störfum eða komi upp illeysanlegur ágreiningur á milli hans og doktorsnema, getur deildin ekki skuldbundið sig til þess að útvega annan umsjónarkennara.

9. gr.

Doktorsnefnd.

Þegar umsókn um doktorsnám hefur verið samþykkt skal deildarfundur skipa doktorsnefnd að fengnum tillögum frá rannsóknánámsnefnd. Doktorsnefnd skal skipuð umsjónarkennara og tveimur sérfræðingum á fræðasviðinu. Eftir að doktorsnefnd hefur verið skipuð sendir Lagastofnun hverjum nefndarmanni skipunarbréf ásamt upplýsingum um hlutverk og reglur doktorsnefnda sem í gildi eru hverju sinni í lagadeild.

Hlutverk doktorsnefndar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við rannsókn- og námsáætlun, tryggja fagleg gæði rannsóknvinnunnar í samræmi við reglur deildar og sjá um próf sem nemandinn gengst undir. Doktorsnefnd kveður doktorsefni á sinn fund eftir því sem þurfa þykir meðan á náminu stendur og prófar doktorsnemann í almennri fræðilegri þekkingu og rannsóknnaðferðum eða metur nám hans á sambærilegan hátt. Slíkt próf skal fara fram um miðbik námsins.

Áður en til doktorsvarnar getur komið skilar doktorsnefnd rökstuddu álitni til deildarforseta um það hvort veita skuli doktorsefni kost á að leggja ritgerð fram til doktorsvarnar.

10. gr.

Tilhögun náms, námsframvinda og námskröfur.

Í lok fyrsta námsárs gerir doktorsnemi, í samráði við umsjónarkennara, nákvæma rannsóknáætlun, áætlun um námshraða og dvöl erlendis, ef við á. Áætlunin skal lögð fyrir rann-

sóknanámsnefnd. Náminu verður því aðeins fram haldið að nefndin samþykki áætlunina. Samþykkt áætlun skal send Lagastofnun þar sem hún verður hluti af námsferilsskrá doktorsnemans. Skipti doktorsnemi um rannsóknarefni skal ný áætlun lögð fyrir rannsóknanámsnefnd og deildarfund.

Doktorsnemi getur stundað bóknað og tekið þátt í námskeiðum og málstofum til doktorsprófs við Háskóla Íslands eða við erlenda háskóla og fengið það metið. Doktorsnemi sem hefur lokið meistaranámi við íslenska háskóla skal taka hluta af doktorsnámi sínu við erlendan háskóla. Ennfremur má gera þá kröfu til doktorsnema að hann sjái um eða sæki málþing og geri þar grein fyrir rannsóknum sínum. Lagadeild setur frekari reglur um námskröfur í doktorsnámi.

11. gr.

Kröfur til doktorsritgerða.

Doktorsnemi lýkur rannsóknum sínum með viðamikilli ritgerð. Til doktorsritgerða eru gerðar kröfur um vísindaleg vinnubrögð og sjálfstætt framlag til þekkingarsköpunar á fræðasviðinu. Meginreglan er sú að doktorsritgerð sé eitt heildstætt verk. Einnig er heimilt að leggja fram fleiri ritgerðir en eina, og verða ritgerðir þá að varða sama meginrannsóknasvið og mynda heild. Þegar svo stendur á, skal semja sérstaka yfirlitsgrein þar sem dregið er saman efni hinna einstöku ritgerða, settar fram heildarályktanir eða efni þeirra tengt með öðrum fræðilegum hætti. Þegar doktorsritgerð er samsett af greinum skulu þær allar hafa birst á viðurkenndum ritrýndum vettvangi.

Doktorsritgerð má vera á erlendu tungumáli ef rannsóknanámsnefnd samþykkir. Lagadeild setur nánari reglur um kröfur til doktorsritgerða og frágang þeirra.

12. gr.

Skil og frágangur doktorsritgerða.

Þegar doktorsnemi hefur lokið doktorsritgerð sinni skal senda hana í fjórum eintökum til deildarforseta með rökstuddu áliti doktorsnefndar um að henni sé lokið.

Við frágang á doktorsritgerð skal fylgt hefðbundnum vinnubrögðum um frágang slíkra ritgerða og meðferð heimilda. Koma skal skýrt fram að ritgerðin sé samin við lagadeild Háskóla Íslands og skal geta þeirra sjóða Háskólans og annara aðila sem styrkt hafa verkefnið. Hverri doktorsritgerð skal fylgja útdráttur á íslensku eða ensku. Einnig má fylgja ritgerðinni útdráttur á öðru erlendu tungumáli.

13. gr.

Námsferilsyfirlit.

Um leið og doktorsritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram námsferilsyfirlit doktorsnema sem Lagastofnun og nemendaskrá ganga frá og staðfesta.

14. gr.

Andmælendur.

Andmælendur við doktorsvörn skulu vera tveir. Skulu þeir vera óháðir doktorsefni og ekki eiga sæti í doktorsnefnd. Þeir eru valdir af deildarfundum, að fengnum tillögum frá rannsóknanámsnefnd.

15. gr.

Doktorsvörn.

Doktorsefni skal verja ritgerð sína í Háskólanum í heyranda hljóði á þeim degi sem lagadeild ákveður. Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum Háskóla Íslands um dokt-

orspróf. Ekki eru gefnar einkunnir fyrir doktorspróf, sbr. ákvæði 61. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000. Lagadeild setur nánari reglur um framkvæmd doktorsvarna.

16. gr.

Lærdómstitlar.

Doktorspróf við lagadeild, að undangengnu doktorsnámi samkvæmt reglum þessum, veitir lærdómstitilinn *Philosophiae Doctor* (Ph.D.).

17. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í lagadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla lagadeildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 25. janúar 2005.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Naustareitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 16. desember 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir Naustareit vegna sameiningar lóðanna að Vesturgötu 6-10 og Tryggvagötu 18.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sogamýri.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 16. desember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Sogamýri.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 2. febrúar 2005.

Helga Bragadóttir.

AUGLÝSING

(II) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, staðfestir ráðuneytið eftirfarandi úthlutunarreglur þessara sveitarfélaga:

1. Sandgerðisbær.

Úthlutun fer samkvæmt samstarfssamningi Sandgerðisbæjar við fiskverkendur og útgerðarmenn frá 20. febrúar 2003, sem kynntur hefur verið ráðuneytinu.

2. Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Útgerðaraðilar með lögheimili og skráða báta á Seyðisfirði þann 1. september 2004 geta sótt um aflaheimildir fyrir fiskveiðiárið 2004-2005.
2. Úthlutuðum afla skal landa á Seyðisfirði til vinnslu á staðnum og skal viðkomandi útgerðaraðili auk þess leggja til viðbótar a.m.k. jafnmikinn afla og hann fær úthlutað til vinnslu á staðnum.
3. Skilyrði fyrir úthlutun er að viðkomandi skip leigi hvorki frá sér né selji aflaheimildir umfram það sem þau kaupa eða leigja til sín á fiskveiðiarinu í þorskígildum talið.
4. Við úthlutun skal verja 1/3 aflaheimilda jafnt milli þeirra aðila sem uppfylla skilyrði hér að framan fyrir úthlutun og 2/3 hlutum skal úthluta í hlutfalli við kvótastöðu þann 1. september 2004.
5. Við úthlutun verður tekið mið af þegar úthlutuðum aflaheimildum á vegum Byggðastofnunar.

3. Siglufjarðarkaupstaður.

Megintilgangur reglnanna skal vera að auka útgerð og vinnslu á fiski á Siglufirði og fjölga störfum.

1. Veiðiheimum samkvæmt bréfi sjávarútvegsráðuneytisins frá 6. desember 2004 skal úthlutað til einstakra aflamarksskipa og krókaafلامarksbáta, sem leggja upp afla sinn til vinnslu hjá fiskverkunarstöðvum á Siglufirði, samkvæmt nánara samkomulagi. Einguöngu skulu fiskiskip sem skráð eru á Siglufirði 31. desember 2004 koma til greina við úthlutun aflaheimilda. Ekkert fiskiskip skal hljóta meira en 15 þorskígildislestir með þeirri undantekningu er fram kemur í reglu 2.1. Eftirstöðvum vegna 15 tonna ákvæðis skal skipta á milli fiskiskipa á grundvelli greinar 2.2.b.
Ef bolfiskaflamark skips hefur minnkað frá úthlutun fiskveiðiársins 2004/2005 til 31. desember 2004 vegna framsals þá kemur það skip aðeins til greina við skiptingu 10% hlutarins sbr. c-lið 2.2. gr.
Þeir aðilar sem fengu úthlutað byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári og hafa ekki fylgt þágildandi reglum varðandi ráðstöfun byggðakvóta skulu ekki koma til greina við úthlutun nú.
2. Byggðakvóta verður skipt þannig milli þeirra fiskiskipa er sækja um og fullnægja skilyrðum:
 - 2.1. 50 þorskígildistonn skulu skiptast milli skipa sem landað hafa úthafsækju til vinnslu á Siglufirði á árinu 2004 í hlutfalli landaðs rækjuafla þeirra þar.
 - 2.2. Eftirstöðvum, 155 þorskígildistönum skal skipt sem hér segir:

- a) 20% skal skipt jafnt á milli fiskiskipa, þó þannig að ekkert skip auki úthlutaðan kvóta um meira en 100%.
 - b) 70% skal skipt á grundvelli úthlutunar veiðiheimilda í upphafi fiskveiðiársins 2004/2005.
 - c) 10% byggðakvóta verður úthlutað í mars 2005. Um þann hluta geta sótt fiskiskip sem ekki fá úthlutað byggðakvóta skv. reglum þessum og uppfylla ekki skilyrði um framsal sbr. 2. málsg. reglu 1.
 - d) Ef útgerðaraðili hefur ekki lögheimili á Siglufirði þann 31. desember 2004 skal úthlutun til viðkomandi fiskiskips skerðast um 50%. Eftirstöðvum vegna þessa ákvæðis skal skipta jafnt á milli fiskiskipa.
3. Öllum aðilum á Siglufirði sem úthlutað er byggðakvóta er skylt að leggja til aflaheimildir að lágmarki til jafns við úthlutaðan byggðakvóta og skoðast móttekin umsókn sem staðfesting viðkomandi á því að það verði gert. Skilyrði til úthlutunar byggðakvóta er að viðkomandi eigi ekki í vanskilum við Siglufjarðarkaupstað.
 4. Þeir aðilar sem úthlutað er byggðakvóta skulu leggja fram gagnkvæman samning við fiskvinnslu um löndun afla og vinnslu á Siglufirði. Öllum afla samkvæmt þessari grein skal landað fyrir lok fiskveiðiárs.
 5. Úthlutaður byggðakvóti er ekki framseljanlegur en heimilt er að skipta á milli tegunda. Minnki aflaheimildir fiskiskips sem hlýtur byggðakvóta á yfirstandandi fiskveiðiári vegna framsals skulu þær afsala sér sambærilegu magni af byggðakvótanum, sem úthlutað verður að nýju.
 6. Í lok fiskveiðiárs skulu útgerðir og fiskverkanir, sem fengið hafa byggðakvóta skila til sveitarstjórnar skýrslu um landaðan afla til vinnslu í samningsbundnum fiskverkunar-fyrirtækjum eða mótteknum afla frá útgerðum og skal skýrslan staðfest af viðkomandi samningsaðila. Verði skýrslu ekki skilað eða ákvæðum þessara reglna um löndun og vinnslu afla ekki fylgt skulu viðkomandi bátar og fiskverkanir ekki eiga rétt á úthlutun byggðakvóta komi til slíkrar úthlutunar.

4. Tálknafjörður.

1. Úthluta skal aflaheimildum 1. júní 2005 til einstakra afla- og krókaafلامarksbáta, sem skráðir voru á Tálknafirði 1. september 2004 og eru þar enn skráðir 1. júní 2005.
2. Skipt skal milli einstakra báta miðað við landaðan afla á Tálknafirði á yfirstandandi fiskveiðiári til 1. júní 2005.
3. Umsækjandi lýsi því jafnframt yfir að hann muni landa byggðakvótanum og eftirstöðvum eigin aflaheimilda á Tálknafirði til loka yfirstandandi fiskveiðiárs.

5. Vesturbyggð.

1. Grundvöllur úthlutunarreglna Vesturbyggðar á byggðakvóta er reglugerð sjávarútvegsráðuneytisins nr. 960/2004 um úthlutun á 3.200 þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum. Gildir reglugerð ráðuneytisins í einu og öllu um atriði sem ekki er tekið á sérstaklega í úthlutunarreglum þessum.
2. Úthluta skal til einstakra skipa og báta sem skráðir eru í Vesturbyggð hlutfallslega miðað við þorskígildislestir sem þeir hafa yfir að ráða þegar umsókn er send inn. Gildir þá einu hvort um er að ræða eigin kvóta eða leigukvóta. Útgerðaraðilum báta, sem skráðir eru í sveitarfélaginu, er því gefinn kostur á að auka veiðiheimildir sínar með kaupum eða leigu á kvóta allt til þess tíma að umsóknarfrestur til sveitarfélagsins rennur út og leggja þannig sannanlega eigin umráðakvóta á þeim tímapunkti til grundvallar umsókn sinni, enda skilyrði úthlutunarreglna uppfyllt að öðru leyti. Ekkert fiskiskip skal þó

hljóta meira en 20 þorskígildislestir miðað við óslægðan fisk. Víkja má frá þessari takmörkun á hlut hvers báts fáist heildarhlut einhvers byggðarlags ekki skipt með öðrum hætti.

3. Af þeim 218 þorskígildislestum sem ráðuneytið úthlutaði Vesturbyggð skal við það miðað, verði því við komið, að 138 þorskígildislestum verði úthlutað á báta sem skráðir eru á Bíldudal, 75 þorskígildislestum á báta sem skráðir eru á Patreksfirði og 5 þorskígildislestum á báta sem skráðir eru á Brjánslæk. Takist ekki að uppfylla skilyrði úthlutunarreglna í einstöku byggðarlagi, og fullnaðarúthlutun samkvæmt ofanskráðu næst því ekki, skal þorskígildislestum sem eftir standa úthlutað á báta í öðrum byggðarlögum innan sveitarfélagsins að því gefnu að þar verði uppfyllt skilyrði úthlutunarreglnanna að öðru leyti.
4. Bátum sem úthlutað er byggðakvóta er skylt að leggja til af eigin umráðaafla að lágmarki kvóta til jafns við úthlutaðan byggðakvóta og skoðast móttekin umsókn sem staðfesting viðkomandi á því að það verði gert. Umsækjendum er heimilt að bjóða fram aukið hlutfall eigin umráðaafla og fá þeir þá aukna hlutdeild í úthlutuðum byggðakvóta í sama hlutfalli.
5. Afla sem fenginn er á grundvelli aflaheimilda samkvæmt 3. og 4. gr. er skylt að landa til vinnslu í viðurkenndri vinnlustöð í Vesturbyggð sem er með gilt rekstrarleyfi. Skal umsókn um byggðakvóta fylgja staðfesting fiskverkunar á því að afli verði unninn þar. Öllum afla samkvæmt þessari grein skal landað fyrir lok fiskveiðiárs.
6. Úthlutaður byggðakvóti er ekki framseljanlegur. Framselji útgerðir eftir úthlutun byggðakvótans aðrar aflaheimildir sem þær hafa yfir að ráða skulu þær afsala sér samsvarandi magni af úthlutuðum byggðakvóta, sem úthlutað verður þá að nýju.
7. Í lok fiskveiðiárs skulu útgerðir sem úthlutað hefur verið byggðakvóta skila til sveitarstjórnar skýrslu um landaðan afla til vinnslu í því fiskverkunarfyrirtæki, sem þeir tilnefndu sem samstarfsaðila og skal skýrslan staðfest af viðkomandi vinnsluaðila með áritun. Verði skýrslu ekki skilað eða ákvæðum þessara reglna um löndun afla ekki fylgt skulu viðkomandi bátar ekki eiga rétt á úthlutun byggðakvóta komi til slíkrar úthlutunar að nýju.

2. gr.

Leiðréttingar á auglýsingu nr. 59, 24. janúar 2005.

Raufarhafnarhreppur.

Byggðakvótanum verður skipt að 70% hluta jafnt milli þeirra báta sem sótt verður um fyrir og að 30% hluta miðað við stærð sömu báta í brúttótonnum, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Fyrir hvert kíló af þorski sem bátur fær í byggðakvóta skal leggja fram tvö kíló af þorski á móti af eigin aflaheimildum. Þeim afla skal landa til vinnslu á Raufarhöfn. Skal undirrituð staðfesting fiskvinnslu um samstarf fylgja umsókninni. Öðrum tegundum en þorski er útgerðinni frjálst að ráðstafa. Þó skal landa a.m.k. 75% af aflaheimildum í þorski viðkomandi báts í gegnum hafnarvog á Raufarhöfn.
2. Útgerð báts sem fær úthlutað byggðakvóta má hvorki leigja eða selja af eigin aflamarksheimildum (miðað við upphaf kvótaárs) í þorski á fiskveiðiárinu 2004/2005. Bátur skal fyrst landa eigin aflamarksheimildum í þorski áður en byggðakvóti er færður á viðkomandi bát. Þó skal tekið tillit til leyfilegs magns sem skv. lögum má geyma milli ára.
3. Aðeins einn bátur frá sömu útgerð getur fengið byggðakvóta og skal báturinn hafa verið gerður út frá Raufarhöfn undanfarið ár og ekki verði breyting þar á. Þá skal og áhöfn

báts vera með lögheimili á Raufarhöfn. Sé sótt um undanþágu frá skilyrði um lögheimili skal hún vel rökstudd í umsókn.

4. Fyrir 1. júlí 2005 skulu útgerðir þeirra báta sem fengið hafa byggðakvóta gera sveitarstjórn skriflega grein fyrir því hvernig þeir muni nýta úthlutaðar aflaheimildir fyrir lok fiskveiðisárs. Geti hlutaðeigandi ekki fylgt reglum sveitarstjórnar skal hann afsala sér byggðakvótanum, sem síðan verður endurúthlutað.
5. Umsóknarfrestur um byggðakvóta er til 27. janúar 2005 og verður öllum umsóknum svarað fyrir 7. febrúar 2005. Verði á næsta ári úthlutað byggðakvóta með svipuðum hætti og í ár mun sveitarstjórn hafa reynslu þessa árs til hliðsjónar.

Jafnframt er felldur úr gildi 13. tl. í auglýsingu nr. 59, 24. janúar 2005.

3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. febrúar 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi eystra.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Sveitarfélagið, Rangárþing eystra, annast meðhöndlun úrgangs innan marka sveitarfélagsins. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna samkvæmt samþykktinni. Þeir aðilar sem sjá um meðhöndlun úrgangs skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Um meðhöndlun úrgangs fer að öðru leyti í samræmi við reglugerð nr. 737/1999 um meðhöndlun úrgangs.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt.

2. gr.

Meðhöndlun úrgangs skal framkvæmd undir yfirstjórn fulltrúa sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefnið á hverjum tíma. Undir þetta ákvæði fellur ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð úrgangs til vinnslu t.d. lífræns úrgangs, landbúnaðarplasts, brotamálma og annars flokkaðs úrgangs í samræði við heilbrigðisnefnd Suðurlands.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau sorphlát og þær aðferðir við losun úrgangs sem sveitarstjórn í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurlands ákveður. Sorpgeymslur og söfnunarstöðvar (gámasvæði) skulu vera aðgengileg frá gatna- og/eða vegakerfi. Húsráðendur skulu halda sorphlátum hreinum og hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo unnt sé að annast hreinsun. Lífrænum úrgangi, brotamálmum og öðrum endurvinnanlegum úrgangi, skal komið fyrir í sérmerktum gámum eða á svæði sem sérstaklega er vísað til. Spilliefnum og öðrum hættulegum úrgangi má ekki blanda saman við annan úrgang og skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins. Íbúar, fyrirtæki og stofnanir skulu eftir því sem kostur er á flokka úrgang og skila honum eins og aðstaða er til í sveitarfélaginu eða á vegum hlutadeigandi byggðasamlags. Sveitarfélagið skal, með markvissri stefnu, stuðla að og hvetja til minnkunar úrgangs og að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum neikvæðum breytingum á umhverfi. Jafnframt skal stuðla að hvers konar endurnotkun, endurnýtingu, endurvinnslu og orkuvinnslu úrgangs með skipulögðum hætti þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma án óhóflegrar mengunar.

4. gr.

Í sorphlát við íbúðarhús má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegan heimilisúrgang, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Óheimilt er að láta í sorphlát mold, grjót, byggingarefni, garðaúrgang o.þ.h. Spilliefni, lyf og annar hættulegur úrgangur má heldur ekki fara í sorphlát. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorphlát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla ekki sorphlátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim og flytja.

5. gr.

Spilliefnum, hættulegum úrgangi og öllum öðrum úrgangi en heimilissorpi skal skila á endurvinnslu- eða söfnunarstöð sem hefur tilskilin starfsleyfi. Jarðvegsefnum skal komið á sérstakan losunarstað fyrir jarðvegsefni samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar á hverjum tíma.

6. gr.

Fyrirtæki og stofnanir geta samið um að annast söfnun og flutning úrgangs á þeirra vegum og greiða þá aðeins sorpeyðingargjöld til sveitarfélagsins. Frágangur og umgengni um sorphlát, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum og stofnunum, skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar Suðurlands.

7. gr.

Óheimilt er með öllu að fleygja rusli, garðaúrgangi eða öðrum úrgangi á opin svæði, þjóðvegi, götur, gangstíga, fjörur eða vatnsbakka. Óheimilt er að skilja númerslausar bifreiðar og aðrar vélar, báta eða tæki eftir á víðavangi. Heilbrigðisnefnd Suðurlands er heimilt innan tiltekens frests sem tilgreindur skal að fjarlægja hluti sem eru geymdir þannig að í bága fari við heilbrigðis- og mengunarvarnarreglugerðir að undangenginni viðvörun. Viðvörun skal vera í formi miða, sem límdur skal á tækið. Viðvörun skal auðkennd heilbrigðisnefnd Suðurlands.

8. gr.

Sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum í samráði við eftirlitsmann sorphirðu og framkvæmdaðila sorphirðu, tíðni sorphreinsunar. Ákvörðun um skipulag, flokkun, staðsetn-

ingu og tíðni hreinsunar á söfnunarstöðum skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins með skriflegum hætti og skal fara að ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

II. KAFLI

Gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs.

9. gr.

Sveitarstjórn skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við fjölda sorphirðufláta, hvort um er að ræða flokkaðan eða óflokkaðan úrgang og tíðni söfnunar. Heimilt er að innheimta sorphirðugjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt rúmmáli og/eða þyngd úrgangs eða öðru samkomulagi við viðkomandi. Ávallt skal taka tillit til flokkunar og minnkunarþátta, sem af flokkun leiðir. Sveitarstjórn er heimilt að takmarka fjölda sorpláta við hverja fasteign. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

10. gr.

Sveitarstjórn flokkar gjaldendur skv. gjaldskránni, eftir umfangi og magni úrgangs, sem frá starfsemi stafar.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

11. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða heilbrigðisnefndar Suðurlands.

12. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

13. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Rangárfþings eystra staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, sbr. 4. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 27. janúar 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Breiðdalshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps er heimilt að leggja á sorphirðugjöld skv. 7. og 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Breiðdalshreppi, nr. 127/2004 og samkvæmt 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

2. gr.

Árlegt sorphirðu- og förgunargjald vegna heimilisúrgangs frá íbúðum og fyrirtækjum skv. 4. og 5. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Breiðdalshreppi er sem hér segir:

Á hverja íbúð í þéttbýli og á lögbýli eða íbúðarhús utan þéttbýlis, enda sé einn eða fleiri einstaklingar skráðir þar til lögheimilis, sorphirðugjald kr. 7.500 og sorpförgunargjald kr. 6.500.

3. gr.

Á hvert fyrirtæki, sorpförgunargjald kr. 1.500 pr./m³.

4. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og förgun samkvæmt 2. grein skal innheimta með fasteignagjöldum.

Gjald samkvæmt 3. grein er innheimt af sveitarfélaginu.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps 18. janúar 2005 og staðfest af Heilbrigðiseftirliti Austurlands 20. janúar 2005, er sett samkvæmt 11. gr. laga nr. 55/2003 og sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og heimild í 7. og 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Breiðdalshreppi nr. 127/2004, til að öðlast gildi við birtingu. Gjaldskrá nr. 148/2004 fellur niður frá sama tíma.

Breiðdalshreppi, 21. janúar 2005.

Sigfríður Þorsteinsdóttir sveitarstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 – 2005

31. janúar 2005

169

Nr. 139

AUGLÝSING

um skrár Rangárþings ytra skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

I. Listi yfir þau störf sem falla undir 6. - 7. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Yfirstjórn:

sveitarstjóri
sviðsstjóri stjórnsýslusviðs
aðalbókari

Félagshjónusta:

félagsmálastjóri

Fræðslumál:

skólastjórar grunnskóla
skólastjórar leikskóla

Íþrótt- og æskulýðsmál:

umsjónarmaður íþróttamannvirkja á Hellu, í Þykkvabæ og að Laugalandi

Skipulags- og byggingamál:

skipulags- og byggingafulltrúi

Stjórnsýsla og fjármál:

launafulltrúi

Umhverfis-, veitu- og tæknideild:

sviðsstjóri umhverfissviðs
verkstjóri þjónustumiðstöðvar
aðstoðarverkstjóri þjónustumiðstöðvar

II. Listi yfir þau störf sem falla undir 5. tl. 1. mgr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Íþrótt- og æskulýðsmál:

yfirhúsvörður Laugalandi

húsvörður Grunnskólans á Hellu
húsverðir skóla- og íþróttamannvirkja í Þykkvabæ.

Hellu, 31. janúar 2005.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri Rangárþings ytra.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi Brekkuskóla og nágrennis, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 20. janúar 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðar Brekkuskóla og nágrennis. Breytingin felst í því að gamalli, niðurgrafinni kartöflugeymslu er afmörkuð sérstök lóð og byggingarreitur og leyfileg notkun hennar skilgreind sem „teiknistofa eða þ.h. starfsemi.“

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og hefur bæjarstjórn lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón, sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna hennar. Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 3. febrúar 2005.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUR

um Lánasjóð nemenda í skipstjórn og vélstjórn.

1. gr.

Nafn sjóðsins.

Sjóðurinn heitir Lánasjóður nemenda í skipstjórn og vélstjórn. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Stofnfé sjóðsins er 1 millj. kr. framlag frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er að veita lán þeim er stunda skipstjórnar- og/eða vélstjóranám.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Framlög sem sjóðnum kunna að áskotnast.
- b) Vaxtatekjur, lántökugjald og verðbætur.
- c) Aðrar tekjur.

4. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur fulltrúum. Þeir eru; skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélaskóla Íslands sem jafnframt er formaður, einn fulltrúi nemenda tilnefndur af nemendaráðum skólanna og einn fulltrúi tilnefndur af LÍÚ.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela banka eða sparisjóði vörslu sjóðsins, innheimtu lána og annað það er leiða kann af starfsemi hans.

Leggja skal endurskoðaðan reikning fyrra almanaksárs fyrir stjórn sjóðsins eigi síðar en 15. apríl árið eftir.

5. gr.

Umsóknir um lán.

Allar umsóknir skulu ritaðar á þar til gerð eyðublöð, sem sjóðstjórn lætur í té og skal þeim fylgja staðfesting viðkomandi skólaýfirvalda um að umsækjandi sé við nám.

Umsóknir skulu berast fyrir 15. október á haustönn og 15. febrúar á vorönn ár hvert.

Sjóðstjórn skal stefna að afgreiðslu lána fyrir 15. nóvember og 15. mars ár hvert.

6. gr.

Úthlutun lána.

Fjárhæðir lána skulu ákveðnar af stjórn sjóðsins í samræmi við tekjur hans og eignir hverju sinni.

Við úthlutun úr sjóðnum skal stjórn hans m. a. taka tillit til fjölskyldustærðar, búsetu umsækjanda og annarra aðstæðna samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

7. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 13. janúar 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

GJALDSKRÁ

vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa og skipulags- og byggingarnefndar Rangárbings eystra.

1. gr.

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

1.1. Íbúðarhúsnæði:

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Einbýlishús	67.200
Parhús, tvíbýlishús eða raðhús á einni hæð	56.000 pr. íbúð
Raðhús á fleiri en einni hæð eða fjölbýlishús með þremur íbúðum	47.000 pr. íbúð
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	40.300 pr. íbúð
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri	33.600 pr. íbúð

1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama með íbúðum, gólflötur allt að 500 fermetrar	67.200
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólflötur stærri en 500 fermetrar	89.600

1.3. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar:

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Frístundahús	56.000
Smáhýsi allt að 25 m ² (aukahús við frístunda- og íbúðarhús)	28.000
Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, útihús á lögbýlum og viðbyggingar allt að 20 m ²	28.000
Viðbyggingar 20-100 fermetrar	39.200

Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 fermetrar skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.

2. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld:

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld:

	kr.
Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar,	
2/3 hlutar staðfestingargjalds ganga upp í byggingarleyfisgjald	28.500
Afgreiðslugjald í skipulags- og byggingarnefnd	4.000
Hver endurskoðun aðaluppdráttu	6.000
Endurnýjun leyfis án breytinga	5.000
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	10.000
Vottorð vegna vínveitingaleyfa	10.000
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	6.000
Framkvæmdaleyfi	10.000
Fyrir grenndarkynningu	30.000
Fyrir breytingu á lóðarleigusamningi	20.000
Afgreiðsla á stofnskjali	3.500
Breyting á staðfestu aðalskipulagi	24.000

Vegna óska um breytingar á samþykktu deiliskipulagi sveitarfélagsins: Viðkomandi hagsmunaaðili sjái um breytingarnar á sinn kostnað eða greiði þann kostnað sem af hlýst, þó að undanskildum auglýsingakostnaði.

3. gr.

Sveitarstjórn Rangárbings eystra er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997, enda nemi þau hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda:

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2005 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í janúar 2005 er 304,7 stig.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 53. gr. laga nr. 73/1997 og öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings eystra, 13. janúar 2005.

Ágúst Ingi Ólafsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 2. september 2004 var samþykkt deiliskipulag af virkjunarsvæði fyrir Tunguárvirkjun í Tungudal í Skutulsfirði.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 225 fermetra byggingarreit á 400 fermetra lóð fyrir stöðvarhús ásamt aðkomu að lóðinni. Raflína að (loftlína) neðan við gangnamunna að stöðvarhúsi verður sett í jörð samsíða vatnslögn.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 24. janúar 2005.

Stefán Brynjólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarfjarðarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar er heimilt, í samræmi við 4. gr. samþykktar nr. 225/2001 um notkun og hreinsun rotþróa í Borgarfjarðarsveit, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæminga rotþróa í Borgarfjarðarsveit.

2. gr.

Gjaldið er árlega, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
minni en 2000 l	3.620
2000 – 4000 l	4.225
4000 – 6000 l	5.010

Fyrir rotþrær stærri en 6000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 2.415 á rúmmetra við losun.

Þurfi að nota barka lengri en 50 m er innheimt álag við hverja losun kr. 4.830.

Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt 50% álag á tæmingargjald.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert og breytist í samræmi við eftirtaldar vísitölur. Gjaldið mun að hálfum hluta fylgja vísitölu byggingarkostnaðar (08 Vélavinnna, akstur og uppfylling) og að hálfum hluta launavísitölu. Byggingarvísitala 08, desembermánaðar 2004 er lögð til grundvallar og er hún 377,8 stig og launavísitala októbermánaðar 2004 er lögð til grundvallar og er hún 253,2 stig.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Gjaldskrá

Þessi kemur í stað gjaldskrár nr. 15/2004 um hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarfjarðarsveit.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar eftir seinni umræðu þann 28. desember 2004, fyrri umræða var 9. desember 2004.

Litla-Hvammi, 1. janúar 2005.

Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsgjald, aukavatnsgjald og stofngjald vatnsveitu í Borgarfjarðarsveit.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús, húshluta, lóð, jörð eða aðra fasteign í Borgarfjarðarsveit eða leigir slíka eign sem tengd er vatnsveitu í eigu Borgarfjarðarsveitar, ber að greiða vatnsgjald til sveitarsjóðs.

Vatnsveitur Borgarfjarðarsveitar eru í Andakíl, Bæjarsveit, á Kleppjárnsreykjum og í Reykholti.

Vatnsgjald skal innheimta árlega með fasteignagjöldum.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir, lönd og lóðir skal vera fasteignamat þeirra.

Af öllum fasteignum, löndum og lóðum sem eru gjaldskyldar, skal greiða vatnsgjald sem nemur 0,3% af álagningarstofni.

3. gr.

Stofngjald vatnsveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við vatnsveitur Borgarfjarðarsveitar. Gjaldið skal lagt á og innheimt við veitingu byggingarleyfis.

Stofngjald vatnsveitu skal vera sem hér segir:

- A. Byggingar á íbúðarsvæðum, svæðum fyrir verslun og þ.h., grunngjald 122.410 kr.
- B. Byggingar á öðrum svæðum (athafnasvæði, iðnaðarsvæði, stofnanasvæði, lögbýli o.s.fr.), grunngjald 171.373 kr.

4. gr.

Aukavatnsgjald skal innheimta v. búfjár. Gjaldið skal miðað við fjölda ærgilda og er kr. 15 á ærgildi.

5. gr.

Gjöld samkv. 3. gr. gjaldskrár þessarar miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2004 (304,8 stig).

Aukavatnsgjald samkv. 4. gr. gjaldskrár þessarar miðast við vísitölu neysluverðs í desember 2004 (239,0 stig).

Um gjalddaga og innheimtu vatnsgjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt og skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Aukavatnsgjald skal innheimt einu sinni á ári.

6. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Vatnsgjald og stofngjald vatnsveitu samkvæmt gjaldskrá þessari eru tryggð, ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði, með lögveðsrétti í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar og er byggð á lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar eftir seinni umræðu þann 28. desember 2004, fyrri umræða var 9. desember 2004.

Litla-Hvammí, 1. janúar 2005.

Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og sorpeyðingu fyrir lögbylí, íbúðarhús
og sumarhús í Borgarfjarðarsveit.**

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Borgarfjarðarsveit skv. samþykkt nr. 302/2000 um sorphirðu í Borgarfjarðarsveit skal vera sem hér segir:

		kr.
Sorpgjald A	Íbúðir þar sem sorp er sótt að húsum	22.050
Sorpgjald B	Íbúðir þar sem íbúar losa sorp í gáma	9.700
Sorpgjald C	Sumarhús	7.940
Sorpgjald D	Lögbylí án búskapar	9.700
Sorpgjald E	Lögbylí með búskap	22.050

Fyrirtæki skulu sjálf semja við sorphirðufyrirtæki um leigu á sorpflátum, losun og förgun. Fyrirtækjum er óheimilt að nota sorpgáma sveitarfélagsins.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar eftir seinni umræðu þann 28. desember 2004, fyrri umræða var 9. desember 2004.

Litla-Hvammí, 1. janúar 2005.

Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir söfnunar- og förgunargjald sorps á Álftanesi.

1. gr.

Til að standa straum af kostnaði af meðhöndlun úrgangs hjá Sveitarfélaginu Álftanesi skal bæjarstjórn innheimta gjald vegna förgunar úrgangs og er jafnframt heimilt að leggja á og innheimta sérstakt árlegt gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og fram fer á vegum sveitarfélagsins.

2. gr.

Söfnunar- og förgunargjald, að lágmarki kr. 16.000, skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal slíkt gjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir. Innifalið í gjaldinu er eitt sorpílát og sorphreinsun sbr. samþykkt um meðhöndlun úrgangs á Álftanesi og förgun vegna þess.

Fyrir hvert aukailát heimila er á sama hátt innheimt árlega, og fyrirfram, gjald eftir því sem hér segir:

1. Fyrir 240 l tunnu, kr. 16.000.
2. Fyrir 500 l gám, kr. 33.000.
3. Fyrir 660 l gám, kr. 44.000.

3. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni, t.d. hjá fyrirtækjum, skal innheimta söfnunar- og förgunargjalds sorps vera samkvæmt reikningi, fyrir sannanlegum kostnaði.

4. gr.

Við skil á úrgangi á söfnunarstöðvum Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins bs. skal greitt samkvæmt gjaldskrá byggðasamlagsins á hverjum tíma.

5. gr.

Söfnunar- og förgunargjald sorps greiðist til bæjarsjóðs Álftaness og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Gjaldið skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Álftaness 21. desember 2004, með vísan til 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og gildir frá 1. janúar 2005.

Álftanesi, 21. janúar 2005.

Gunnar Valur Gíslason bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 16. nóvember 2004 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingum á deiliskipulagi Naustahverfis I. Um er að ræða breytta húsgerð við Skálatún, breytt lóðamörk leikskólalóðar við Hólmatún, breytta legu stígs út úr Mýrartúni og breytta innbyrðis skiptingu lóða nr. 2-18 við Stekkjartún í húslóðir og sameiginlegar aðkomulóðir.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

Akureyri, 25. janúar 2005.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag Dalbæjarlands á Stokkseyri.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 20. janúar 2005 tillögu að deiliskipulagi fyrir húsdýragarð á Dalbæjarlandi á Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:1000/1:5000 þann 20. júlí 2004 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 15. september til og með 13. október 2004 með athugasemdafresti til og með 27. október 2004.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillögunu hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 25. janúar 2005.

Grétar Zóphaníasson, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.

AUGLÝSING

um breytingu á greinargerð aðalskipulags Búðahrepps 2002-2022.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022, frá 4. júlí 2003.

Texti greinargerðar með aðalskipulaginu breytist vegna 1. áfanga að stækkun íbúðarbyggðar upp af íþróttavelli, þannig að þar verður gert ráð fyrir byggingu sérbýlis- og fjölbýlishúsa á einni til þremur hæðum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Austurbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 24. janúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

25. janúar 2005

Nr. 151

REGLUGERÐ

um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði.

Tilgangur og markmið.

1. gr.

Í þessari reglugerð er kveðið á um verkefni erfðanefndar landbúnaðarins og um nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja varðveislu og sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði samkvæmt ákvæðum 16. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og 5. gr. laga um innflutning dýra nr. 54/1990.

Reglugerð þessi er sett með skírskotun til samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Samkvæmt ákvæðum samningsins skuldbinda þjóðir heimsins sig til að vernda og viðhalda erfðaauðlindum, bæði í villtum og ræktuðum tegundum. Litið er á líffræðilega fjölbreytni sem sameiginlega auðlind alls mannkyns. Jafnframt er lögð áhersla á umráðarétt þjóða yfir eigin erfðaauðlindum og þar með ábyrgð á verndun þeirra.

Gildissvið.

2. gr.

Reglugerðin tekur til varðveislu og nýtingar erfðaauðlinda sem eru eða gætu verið verðmætari í íslenskum landbúnaði eða geta haft menningarlegt gildi. Enn fremur eru settar verk-lagsreglur er erfðanefnd skal viðhafa við umsögn um innflutning skv. 5. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

Skilgreiningar.

3. gr.

Búffjárlagnir: Ýmist er átt við sérstakan hóp búffjár með ákveðin og skilgreinanleg ytri ein-kenni, sem með sjónmati er hægt að greina frá öðrum skilgreindum hópum sömu tegundar, eða staðbundinn hóp sem hefur fengið viðurkenningu á sérstöðu sinni.

Erfðaauðlind í landbúnaði: Verðmæti sem felast í erfðaeiginleikum lífvera og þeirri fjölbreytni í ásýnd og eiginleikum sem þeir skapa. Hugtakið á við um lífverur sem eru ræktaðar og/eða nýttar í landbúnaði.

Sjálfbær nýting: Nýting sem fullnægir þörfum nútíðar án þess að spillt sé fyrir komandi kynslóðum.

Verkefni erfðanefndar.

4. gr.

Meginverkefni nefndarinnar er að vinna að varðveislu og sjálfbærri nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði, nánar tiltekið:

- að annast samráð innanlands um varðveislu og sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði,
- að vera umsagnaraðili vegna innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum dýrategunda sem eru hér fyrir,
- að hafa forgöngu um gerð áætlana um verndun og nýtingu íslenskra búfjárstofna,
- að tryggja viðhald á plöntum sem fjölgað er kynlaust og notaðar eru í landbúnaði,
- að fylgjast með stofnstærð og veita ráðgjöf um ræktun innlendra búfjárkynja,
- að gera tillögur um aðgerðir og styrki til verndar og varðveislu búfjárkynja sem eru í útrýmingarhættu,
- að stuðla að rannsóknum á erfðaauðlindum í landbúnaði,
- að stuðla að kynningu og fræðslu til stjórnvalda, hagsmunaaðila og almennings um erfðaauðlindir í landbúnaði og gildi þeirra,
- að veita ráðgjöf til hagsmunaaðila og stjórnvalda um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði,
- að annast samskipti við erlenda aðila á starfssviði sínu í samstarfi við landbúnaðarráðuneytið í samstarfi við tengiliði hjá alþjóðastofnunum,
- að sinna öðrum verkum sem kunna að koma upp og eru á verksviði nefndarinnar.

Þar að auki getur nefndin gert tillögur til landbúnaðarráðherra að sértækum verkefnum sem falla að starfssviði hennar. Í starfi sínu skal nefndin hafa samninginn um líffræðilega fjölbreytni að leiðarljósi, svo og menningarlegt gildi erfðaauðlinda nánar tiltekið.

Starfsskipulag.

5. gr.

Vinna skal að stefnumótun til þriggja ára í senn og framkvæmdaáætlun fyrir næsta starfsár skal skila til ráðherra í desembermánuði. Nefndin skal skila ársskýrslu til ráðherra um starf sitt fyrir 15. mars ár hvert.

Innflutningur dýra, umsögn erfðanefndar og verndunarmat.

6. gr.

Umsögn erfðanefndar skv. 5. gr. laga nr. 54/1990 skal fela í sér verndunarmat þegar um er að ræða nýjar dýrategundir eða erlenda stofna tegunda sem hér eru fyrir. Verndunarmat skal taka mið af verndunaráætlun um viðkomandi búfjárkyn. Erfðanefnd getur krafist innflutningsbeiðanda um skýrslu þar sem lagt er mat á líffræðilegan ávinning af áformuðum innflutningi og gerð grein fyrir áhættu vegna áhrifa fyrirhugaðs innflutnings á varðveislu innlendra erfðaauðlinda. Skal slík skýrsla unnin af fagaðila og kostuð af innflutningsbeiðanda.

Gildistaka.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 19. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og 19. gr. laga um innflutning dýra nr. 54/1990 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 25. janúar 2005.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

AUGLÝSING

um skrá Snæfellsbæjar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 6. – 8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Snæfellsbær:

Bæjarstjóri	
Bæjarritari	
Tæknifræðingur	
Slökkviliðsstjóri	
Skólastjórar grunnskóla	2,0 stöðugildi
Aðstoðarskólastjóri grunnskóla	1,0 stöðugildi
Skólastjórar leikskóla	2,0 stöðugildi
Aðstoðarleikskólastjórar	2,0 stöðugildi
Deildarstjóri launadeildar	
Verkstjóri í áhaldahúsi	
Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi	
Skólastjóri Tónlistarskóla	
Forstöðumaður bókasafns og Pakkhúss	
Forstöðumaður Félagsheimilisins Rastar	

Félags- og skólaþjónusta:

Forstöðumaður FSS	
Skrifstofustjóri FSS	

Skrá yfir þá sem falla undir 5. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Dvalarheimilið Jaðar:

Forstöðukona	
Hjúkrunarfræðingur	0,5 stöðugildi
Endurhæfing	0,64 stöðugildi
Hjúkrunardeild	7 stöðugildi
Mötuneyti	1 stöðugildi

Skrá þessi tekur þegar gildi.

Snæfellsbæ, 15. janúar 2005.

Eyþór Björnsson bæjarritari.

SAMÞYKKT

um breytingar á samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 52/2002.

1. gr.

Á eftir 6. gr. bætist við ný grein, 6. gr. a, sem hljóði svo:

Til hundaræktunar telst starfsemi þar sem sex eða fleiri dýr, eru haldin til undaneldis og ætlunin er að hafa áfram til undaneldis sbr. reglugerð um dýrahald í atvinnuskyni, nr. 1077/2004.

Heimilt er að skrá hunda sem undaneldishunda við hundarækt og eru þeir undanþegnir eftirlitsgjöldum sbr. 12. gr.

Hunda sem skráðir eru sem undaneldishundar við hundarækt er óheimilt að flytja frá athafnasvæði hundaræktunarstöðvar og skal haldið þar og mega aldrei ganga lausir né á meðal almennings. Heimilt er Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur að veita undanþágu frá ákvæði þessu ef ætlunin er að sýna hundana á viðurkenndum hundasýningum, enda framvísi ræktandi tryggingu váttryggingafélags fyrir því tjóni sem hundur kann að valda þriðja manni.

Undaneldishundar skulu bera hálsól með merkiplötu sem greinir þá frá öðrum hundum. Að öðru leyti gilda ákvæði 1. mgr. 9. gr. um hundaskrá.

Undaneldishundar skulu örmerktir samkvæmt stöðlum Alþjóðastaðalskráráðsins (ISO 11784 eða 11785). Skylt er að ormahreinsa undaneldishunda á hverju ári. Vottorð dýralækna um ormahreinsun skal skilað til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir 31. desember ár hvert.

Hundar sem ræktaðir eru hjá hundarækt til sölu skal skrá þegar þeir ná fjögurra mánaða aldri. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur fjölda þeirra í mars, júní, september og desember ár hvert svo og hverjum þeir voru seldir eða önnur afdrif þeirra.

Óheimilt er að selja hunda frá hundaræktunarstöð, nema kaupandi framvísi lögmætri skráningu á hundinum á lögheimili sínu eða samþykki sveitarstjórnar þar sem hundar eru ekki skráningarskyldir. Skylt er að ormahreinsa hunda og örmerkja samkvæmt stöðlum Alþjóðastaðlaskráráðsins (ISO 11784 eða 11785) áður en þeir eru afhentir kaupanda.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að telja fjölda hunda á hundarækt til að sannreyna fjölda undaneldishunda og hunda sem ræktaðir eru til sölu.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 12. gr. komi ný málsgrein, 4. mgr. sem hljóði svo:

Af undaneldishundum skal ekki greiða árlegt eftirlitsgjald.

3. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 26. janúar 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Blönduóss.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins og vinnuregla um vatnshitamælingu eru sem hér segir fyrir Hitaveitu Blönduóss:

- | | | | |
|----|--|-----|---------|
| a) | Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði verði | kr. | 974,60 |
| | og hækki sem nemur einu fastagjaldi fyrir hverja byrjaða 2.500 áætlaða ársrúmmetra. Þó aldrei meira en eitt fastagjald á íbúð. | | |
| b) | Vatnsgjald um vatnsmæli til almennra nota, fyrir rúmmetra vatns | kr. | 59,30 |
| c) | Vatnsgjald um vatnsmæli til sérnóta, fyrir rúmmetra vatns | kr. | 108,90 |
| d) | Gjald fyrir lokun og enduropnun | kr. | 1948,60 |
| e) | Miðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfinu sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu). Notendur geta sótt skriflega um afslátt frá liðum a), b) og c) ef hitastig vatnsins við inntak er 55°C eða lægra. Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal miða við snertihitastig mælalabots eftir að áætlað hámarksrennsli hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur. Útihitastig meðan á mælingu stendur skal vera á bilinu -4°C til -6°C. Afsláttur skal vera sem hér segir: | | |
| | 1. 5% ef hitastig mælist hærra en 51°C en lægra eða jafnt og 55°C. | | |
| | 2. 10% ef hitastig mælist hærra en 48°C en lægra eða jafnt og 51°C. | | |
| | 3. 15% ef hitastig mælist 48°C eða lægra. | | |

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksþörf. Hitaveita Blönduóss getur leiðrétt reikninga í þeim tilvikum þegar hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

3. gr.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur eða hann óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan við 5% frá rétttri stillingu, skal hann greiða kr. 974,60.

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald		
Allt að 300 m ³	131.733 kr.		
300 - 2 000 m ³	131.733 kr.	fyrir	300 m ³ og 121,80 kr./m ³ þar yfir
2 000 - 6 000 m ³	337.514 kr.	fyrir	2 000 m ³ og 96,60 kr./m ³ þar yfir
6 000 - 10 000 m ³	722.028 kr.	fyrir	6 000 m ³ og 77,70 kr./m ³ þar yfir
Meira en 10 000 m ³	1.035.334 kr.	fyrir	10 000 m ³ og 68,25 kr./m ³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli er kr. 12.822 umfram einn á sama inntaki.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 1. janúar 2005, 304,7 stig.

5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 59, 16. janúar 2004.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. janúar 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um greiðslu kostnaðar vegna prestsþjónustu við útfarir, grafartöku og árlegt viðhald legstaða.

1. gr.

Kirkjugörðum eða kirkjugarðasjóði ber að greiða kostnað vegna prestsþjónustu við útfarir, grafartöku og árlegt viðhald legstaða.

Greiðsluskyldur útfararkostnaður er:

Þóknun til prests og annar kostnaður samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma fyrir kistulagningarbæn og útför.

Eðlilegur kostnaður við grafartöku.

Kirkjugarði ber að sjá um eða greiða eðlilegan kostnað við árlegt viðhald legstaðar, svo sem hreinsun hans, hirðingu trjáa og annars gróðurs og smávægilegar lagfæringar á leiði, minnismarki eða öðru, eftir því sem nauðsyn krefur.

2. gr.

Ofangreind greiðsluskylda hvílir á kirkjugarði þar sem jarðsett er. Greiðsluskylda vegna andláts barns sem eigi hefur greitt kirkjugarðsgjöld hvílir einnig á kirkjugarði þar sem jarðsett er.

Skylda til greiðslu aksturskostnaðar vegna prestsþjónustu, ef honum er til að dreifa, takmarkast við fjárhæð sem miðast við 12 km í þéttbýli vegna útfarar, 12 km vegna kistulagningar í þéttbýli, ef um sérstaka ferð er að ræða og ennfremur 12 km ef prestur kemur að jarðsetningu duftkers í grafreit í þéttbýli.

Aksturskostnaður vegna kistulagningarbænar og útfarar í dreifbýli er að hámarki 1/3 af kostnaði vegna þóknunar prests skv. gildandi gjaldskrá fyrir kistulagningarbæn og útför, enda hafi akstur verið yfir 24 km.

Ef jarðsett er í löglegan heimagrafreit greiðir kirkjugarður sömu sóknar eðlilegan grafarkostnað. Kirkjugarði ber eigi að greiða kostnað við viðhald legstaða í heimagrafreit.

3. gr.

Ef telja má að greiðsla útfararkostnaðar samkvæmt reglugerð þessari sé fjárhag kirkjugarðs ofviða, ber kirkjugarðasjóði að greiða nefndan kostnað, að ósk viðkomandi kirkjugarðsstjórnar. Kirkjugarðsstjórn ber að leggja fullnægjandi gögn um fjárhag kirkjugarðs fyrir stjórn kirkjugarðasjóðs ef þess er farið á leit.

Fari stjórn kirkjugarðs þess á leit er stjórn kirkjugarðasjóðs heimilt að ákveða að greiða útfararkostnað samkvæmt reglugerð þessarari, sem falla kann á kirkjugarðinn um tveggja ára skeið í senn, án undangenginnar umsóknar hverju sinni.

4. gr.

Biskup sker úr ágreiningi um greiðsluskyldu og fjárhæð greiðslna samkvæmt reglugerð þessari. Skjóta má úrlausn hans til dóms- og kirkjumálaráðherra.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 50. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 9/1994 um greiðslu útfararkostnaðar o.fl.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. janúar 2005.

Björn Bjarnason.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUR

um viðbótareiginfjárliði fyrir fjármálafyrirtæki.

1. gr.

Til eiginfjárþáttar A, sbr. 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er heimilt að telja:

1. Skuldabréf sem uppfyllir skilyrði 2. og 4. gr. þessara reglna (e. non-innovative hybrid capital)
2. Skuldabréf sem uppfyllir skilyrði 3. og 4. gr. þessara reglna (e. innovative hybrid capital).

2. gr.

Skuldabréf samkvæmt 1. tölulið 1. gr. skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Skuldabréfið tilgreini ekki gjalddaga.
2. Endurgreiðsla höfuðstóls skuldabréfs er einungis heimil samkvæmt ákvörðun útgefanda að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins og í fyrsta lagi 10 árum frá útgáfudegi skuldabréfs. Samþykki Fjármálaeftirlitsins er háð því að eigið fé útgefanda eftir endurgreiðsluna sé viðunandi að mati eftirlitsins. Endurfjármögnun skuldabréfsins er heimil með sambærilegu skuldabréfi í fyrsta lagi eftir 5 ár frá útgáfudegi þess.

3. Vaxtagreiðslur eru einungis heimilar innan þeirra marka sem óráðstafað eigið fé leyfir enda séu lágmarks eiginfjárkröfur jafnframt uppfylltar eftir að tekið hefur verið tillit til vaxtagreiðslna. Komi ekki til vaxtagreiðslna á tilteknu ári eða árabili safnast þær ekki upp. Óheimilt er að breyta vöxtum frá því sem skilmálar skuldabréfsins kveða á um á útgáfudegi eða að setja í bréfið endurskoðunarákvæði vaxta (e. step-up) sbr. 3. tölulið 3. greinar.
4. Unnt sé að færa niður höfuðstól skuldabréfsins til að mæta rekstrartapi hjá útgefanda enda sé undanfari slíkrar niðurfærslu að eigið fé útgefanda hafi farið niður fyrir kröfur um lágmark eigin fjár eins og þær eru á hverjum tíma. Uppfylli útgefandi kröfur um lágmarks eigin fé á nýjan leik er heimilt að færa niðurfærslu höfuðstólsins til fyrra horfs að hluta eða öllu leyti.
5. Við gjaldþrot eða slit útgefanda séu kröfur samkvæmt skuldabréfinu, að meðtöldum þeim hluta sem samsvarar niðurfærslu sbr. 4. tl., greiddar á eftir öllum öðrum kröfum á útgefanda en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár.

3. gr.

Skuldabréf samkvæmt 2. tölulið 1. gr. skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Skuldabréfið tilgreini ekki gjalddaga.
2. Endurgreiðsla höfuðstóls skuldabréfs er einungis heimil samkvæmt ákvörðun útgefanda að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins og í fyrsta lagi 10 árum frá útgáfudegi skuldabréfs. Samþykki Fjármálaeftirlitsins er háð því að eigið fé útgefanda eftir endurgreiðsluna sé viðunandi að mati eftirlitsins.
3. Vaxtagreiðslur eru einungis heimilar innan þeirra marka sem óráðstafað eigið fé leyfir, enda séu lágmarks eiginfjárkröfur jafnframt uppfylltar eftir að tekið hefur verið tillit til vaxtagreiðslna. Komi ekki til vaxtagreiðslna á tilteknu ári eða árabili safnast þær ekki upp. Heimilt er að endurskoða í eitt skipti þá vexti (e. step-up) sem kveðið er á um í skuldabréfinu, fyrst að 10 árum liðnum frá útgáfu bréfsins. Endurskoðunin má ekki leiða til þess að fjármagnskostnaður útgefanda á síðara tímabilinu verði hærri en endurskoðaður vaxtagrunnur að viðbættu upphaflegu áhættuálagi en að frádregnum mismuninum á endurskoðaða vaxtagrunninum miðað við upphaflega útgáfu bréfsins annars vegar og upphaflega vaxtagrunninum hins vegar og að viðbættu 1% stigi eða 50% af upphaflega áhættuálaginu, sbr. ennfremur formúlu síðar í þessum tölulið. Með upphaflegu áhættuálagi er átt við áhættuálag, svonefnt útlánaálag, ofan á upphaflegan vaxtagrunn, t.d. vexti af ríkisskuldabréfum með svipaðri tímalengd og endurskoðunarákvæði vaxta miðast við. Vaxtagreiðslur samkvæmt þessum tölulið skulu miðast við niðurfærðan höfuðstól, sbr. 4. tl., sé um slíkt að ræða. Formúla fyrir endurskoðaða vexti er eftirfarandi: Endurskoðaðir vextir = $EVG + UÁÁ - (EVGU - UVG) + 1\%$ eða $+ (50\% * UÁÁ)$, þar sem EVG er endurskoðaður vaxtagrunnur; UÁÁ er upphaflegt áhættuálag; EVGU er endurskoðaður vaxtagrunnur miðað við upphaflega útgáfu bréfsins og UVG er upphaflegur vaxtagrunnur.
4. Unnt sé að færa niður höfuðstól skuldabréfsins til að mæta rekstrartapi hjá útgefanda enda sé undanfari slíkrar niðurfærslu að eigið fé útgefanda hafi farið niður fyrir kröfur um lágmark eigin fjár eins og þær eru á hverjum tíma. Uppfylli útgefandi kröfur um lágmarks eigin fé á nýjan leik er heimilt að færa niðurfærslu höfuðstólsins til fyrra horfs að hluta eða öllu leyti.
5. Við gjaldþrot eða slit útgefanda séu kröfur samkvæmt skuldabréfinu, að meðtöldum þeim hluta sem samsvarar niðurfærslu sbr. 4. tl., greiddar á eftir öllum öðrum kröfum á útgefanda en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár.

4. gr.

Útgefandi skuldabréfs samkvæmt reglum þessum skal hafa fengið andvirði þess til ráðstöfunar.

Skuldabréfið má ekki vera tryggt af útgefanda eða ábyrgst af aðilum tengdum útgefanda né veita kröfuhafa með neinum öðrum hætti forgang eða betri rétt gagnvart öðrum kröfuhöfum. Skuldabréfið skal bókfært undir liðnum víkjandi skuldir í reikningsskílum og vextir samkvæmt 3. tl. 2. gr. og 3. tl. 3. gr. skulu bókfærðir sem vaxtagjöld.

Samtala skuldabréfa samkvæmt 1. og 2. tölulið 1. gr. má að hámarki nema 33% af eiginfjárþætti A í eiginfjárútreikningi. Samtala skuldabréfa samkvæmt 2. tölulið 1. gr. má að hámarki nema 15% af eiginfjárþætti A í eiginfjárútreikningi. Framangreind hámark gilda bæði fyrir móðurfélag og samstæðu.

5. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 10. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þá úr gildi reglur nr. 540/2003, um viðbótareiginfjárlið fyrir fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitinu, 26. janúar 2005.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Haflíðason.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Af hundum í Sveitarfélaginu Árborg skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kosnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 127/2003, sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| A) Skráning | kr. 6.500 |
| B) Skráning eftir útrunninn frest, sbr.
1. mgr. 2. gr. samþykktar um hundahald | kr. 10.000 |
| C) Bráðabirgðaskráning | kr. 1.000 |

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund kr. 8.500

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu og hundahreinsun er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. gr. A og 3. gr.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	kr.	7.000
Önnur afhending hunds	kr.	10.000
Þriðja afhending hunds	kr.	14.000

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 20. febrúar og eindagi 20. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

7. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðri breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 127/2003, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Bæjarstjórnin í Árborg, 28. janúar 2005.

Einar G. Njálsson.

GJALDSKRÁ

Hafnasamlags Norðurlands (HN).

Skipagjöld.

Við ákvörðun hafnagjalda skal miða við brúttótölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969. Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnasjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld: 9,25 kr. á mælieiningu.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald kr. 9,25 á mælieiningu en þó ekki oftár en tvisvar í mánuði.

Bryggjugjöld: 2,25 kr. á mælieiningu fyrir skip minni en 5000 BT og 2,90 kr. á mælieiningu fyrir skip stærra en 5000 BT

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða bryggjugjald fyrir hverja byrjaða 12 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 60 á mælieiningu en þó aldrei lægri en kr. 6.500 á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 4.150 á mánuði.

Skútur og skemmtibátar sem koma til hafnar greiði 100 EUR fyrir hverja komu.

Vörugjöld.

1. fl.: Gjald kr. 175,00 fyrir hvert tonn:
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 299,00 fyrir hvert tonn:
Lýsi, fiskimjöl og fiskafóður.
3. fl.: Gjald kr. 355,00 fyrir hvert tonn:
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurolíur, sjávararafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Þökkuð og niðursoðin matvæli, áfengar drykkjarvörur og ávextir.
4. fl.: Gjald kr. 975,00 fyrir hvert tonn:
Aðrar vörur, sem ekki eru tilgreindar í 1. – 3. fl.
5. fl.: Aflagjald 1,28%
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 135.

Vatns- og rafmagnssala.

Rafmagn.

Rafmagn pr. kwst til skipa kr. 9,20.

Rafmagn pr. kwst til annara kr. 9,20.

Rafmagn á Grenivík pr. kwst kr. 11,30.

Rafmagnstengigjald kr. 1.800.

Ef tenging fer fram utan reglubundis vinnutíma, greiðist útkall kr. 3.450 pr. klst. Lágmarksútkall er 4 klst.

Vatn.

Kalt vatn kr. 175 per m³.

Lágmarksgjald kr. 1.750.

Ef tenging fer fram utan reglubundis vinnutíma, greiðist útkall kr. 3.450 per klst.

Lágmarksútkall er 4 klst.

Hafnsögugjald.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

Fyrir leiðsögn til hafnar, að bólvirki eða lægi kr. 3,50 fyrir hvert brúttótonn. Auk þess fast gjald, kr. 2.500 fyrir hvert skip. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfn greiðist sama gjald. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf t Hafnsögugjald. Hafnsögugjald skal þó aldrei vera lægra en kr. 15.000.

Þjónusta dráttarbáta.

Tímagjald fyrir aðstoð dráttarbáta miðast við brúttóstærð skips, og er kr. 4,70 á brúttótonn. Lágmarksgjald á klst. er kr. 15.900 og hámarksgjald kr. 96.900. Lágmarkstími fyrir aðstoð er 1 klst.

Fylgi dráttarbátur skipi til öryggis í eða úr höfn, er tekið hálf t gjald.

Fluttur hafnsögumaður: Fast gjald kr. 8.900.

Þegar dráttarbátur flytur hafnsögumann og aðstoðar einnig skipið, fellur gjald fyrir flutning hafnsögumanns niður.

Farþegagjald.

Gjald á farþega er kr. 0.

Móttaka skipa.

Festargjald fyrir hvern mann er kr. 6.900 í dagvinnu. Í yfirvinnu er það kr. 8.900.

Þegar skip leggur að bryggju skal a.m.k. einn starfsmaður hafnarinnar taka á móti því, en þó er heimilt að veita undanþágu frá þessari reglu í sérstökum tilfellum.

Siglingavernd.

Við komu skipa, sem falla undir ákvæði laga um siglingavernd nr. 50/2004, ber að greiða eftirtalin gjöld:

Öryggisgjald á hverja skipakomu kr. 28.000.

Öryggisgæsla per. öryggisvörð í dagvinnu kr. 2.500 per klst.

Öryggisgæsla per. öryggisvörð í yfirvinnu kr. 4.500 per klst.

Lóðarleiga.

Geymslugjald á gámum á haftasvæði.

Geymslugjald á 20 feta gámi í 1 sólarhring kr. 220.

Geymslugjald á 40 feta gámi í 1 sólarhring kr. 450.

Geymslugjald á 20 feta frystigámi í 1 sólarhring kr. 650 (innifalið rafmagn).

Geymslugjald á 40 feta frystigámi í 1 sólarhring kr. 1.040 (innifalið rafmagn).

Önnur lóðarleiga sem ekki er haftasvæði.

Gámaleiga á opnum svæðum skal vera kr. 2.075 á mánuð.

Lóðarleiga skal vera kr. 46 pr. m² á mánuði fyrir frágengin svæði.

Lóðarleiga skal vera kr. 15 pr. m² á mánuði fyrir önnur svæði.

Öll lóðaleiga miðast við byggingavísitölu.

Vigtargjald.

Almenn vigtun kr. 96 á tonn.

Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun á krókavog kr. 870.

Flutningabílar og skoðun pr. skipti á bílavog kr. 1.400.

Útkall milli kl. 17.00 og 08.00 virka daga, svo og um helgar, greiðist sérstaklega kr. 3.450 pr. klst. Ef yfirvinna og útkall er unnið fyrir fleiri en einn samtímis skiptist kostnaðurrinn. Lágmarksútkall er 4 klst.

Fyrirtæki sem hafa heimavigtunarleyfi og skila upplýsingum um landaðan afla til HN, sem síðan þarf að skrá í Lóðsinn greiða skráningargjald. Miðað er við almanaksárið.

1-10.000 tonn kr. 17,30 per tonn.

10.001-20.000 tonn kr. 9,25 per tonn.

Yfir 20.000 tonn gjaldfrítt.

Úrtaksvigtun. Eigendur frystiskipa sem landa hjá HN skulu greiða úrtaksvigtunargjald sem er kr. 83 pr. landað tonn og ekki er vigtað á hafnarvog.

Gjöld fyrir smábáta.

Legufæragjald almennt á ári	kr.	28.000
Legufæragjald almennt (70 ára og eldri) á ári	kr.	13.900
Legufæragjald harðviðarbryggja á ári	kr.	43.500
Viðlegugjald við (flot)bryggjur á ári	kr.	59.600
Mánaðargjald fyrir legufæri	kr.	4.000
Lágmarksgjald 1-5 dagar/mán.	kr.	1.700
Uppistöðugjald á mánuði	kr.	2.075
Mánaðargjald fyrir viðlegu við bryggjur	kr.	6.850
Rafmagnssnúra til smábáta pr. dag	kr.	50

Sorphirðugjald.

Öll skip sem koma til hafnar greiða kr. 3.300 pr. skipti.

Skip í legu greiða kr. 3.300 á mánuði.

Smábátar greiða kr. 2.000 á ári.

Öll gjöld í þessari gjaldskrá eru án vsk.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Akureyri, 21. janúar 2005.

Björn Magnússon,
formaður stjórnar HN.

Hörður Blöndal
hafnarstjóri.

AUGLÝSING

um hækkun gjaldskrár Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar.

Með vísan til 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 með síðari breytingum og bráðabirgða-ákvæðis nr. 1 um gjaldskrá hafna hefur hafnarstjórn Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar samþykkt að hækka gjaldskrá hafnarsjóðsins nr. 626/2004 um 3,5%. Tekur hækkunin til allra gjaldskrárliða að undanskildu öryggisgjaldi á skipakomu sbr. 18. gr. sem verður 18.000 kr. Hækkun gjalda var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 15. desember 2004 og öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 19. janúar 2005.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

SAMÞYKKTIR

fyrir Lánasjóð sveitarfélaga.

I. KAFLI

Nafn lánasjóðsins, heimili og tilgangur.

1. gr.

Lánasjóður sveitarfélaga, í samþykktum þessum nefndur lánasjóðurinn, er sjálfstæð stofnun, sameign allra sveitarfélaga á Íslandi samkvæmt lögum um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 136/2004. Heiti hans á ensku er *Municipality Credit Iceland*.

2. gr.

Heimili lánasjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Lánasjóðurinn er lánafyrirtæki og starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, enda sé ekki á annan veg mælt í lögum nr. 136/2004.

4. gr.

Megintilgangur lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum svo og önnur fjármálaþjónusta við sveitarfélög og önnur starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við megintilgang lánasjóðsins. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart lánasjóðnum.

II. KAFLI

Eigendafundir.

5. gr.

Æðsta vald í málefnum lánasjóðsins, innan þeirra marka sem samþykktir þessar og landslög setja, er í höndum eigendafunda þar sem eiga sæti fulltrúar sem sveitarfélögin hafa kosið til setu á landsþingum Sambands íslenskra sveitarfélaga í samræmi við lög þess. Fulltrúar þessir eru nefndir eigendafulltrúar. Ársfundi lánasjóðsins skal halda í tengslum við regluleg árleg landsþing. Málefni lánasjóðsins má taka fyrir í nefndum landsþinga Sambands íslenskra sveitarfélaga eftir því sem við getur átt. Aukafundi eigendafulltrúa má halda í tengslum við aukalandsþing eða með sérstakri boðun á slíkan eigendafund.

Stjórn lánasjóðsins, endurskoðandi og framkvæmdastjóri eiga rétt á að sækja eigendafundi lánasjóðsins og hafa þar fullt málfrelsi og tillögurétt, þótt ekki hafi þau atkvæðisrétt.

Stjórn lánasjóðsins er heimilt að bjóða starfsmönnum lánasjóðsins og öðrum sérfræðingum og gestum setu á einstökum eigendafundum ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

6. gr.

Ársfundur skal boðaður mest fjórum vikum fyrir fund og minnst viku.

Ef taka á til meðferðar tillögu til breytinga á samþykktum lánasjóðsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Ársfundur er lögmætur ef til hans er boðað í samræmi við 1. mgr.

7. gr.

Á ársfundi skulu tekin fyrir eftirfarandi mál:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi lánasjóðsins síðastliðið starfsár.
2. Endurskoðaður reikningur lánasjóðsins fyrir liðið starfsár er hafi meðal annars að geyma tillögu stjórnar um ráðstöfun tekjuafgangs.
3. Tillögur til breytinga á samþykktum lánasjóðsins, ef borist hafa.
4. Kosning stjórnar skv. 13. gr.
5. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna lánasjóðsins fyrir störf þeirra.
7. Önnur mál.

8. gr.

Aukafundi skal halda þegar stjórn lánasjóðsins þykir þurfa samkvæmt fundarályktun eða ef kjörinn endurskoðandi eða fimmtán eigendafulltrúar hið minnsta krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Skal þá boða til aukafundar innan 14 daga frá því að krafan kom í hendur stjórnarinnar.

Boða skal aukafundi með sama hætti og boðað er til ársfundar, sbr. 1. mgr. 6. gr. Um lögmæti aukafunda skulu gilda sömu reglur og um lögmæti ársfundar, sbr. 3. mgr. 6. gr.

9. gr.

Hver eigendafulltrúi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á eigendafundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar lánasjóðsins með það löngum fyrirvara að unnt sé samkvæmt samþykktum þessum að taka málið á dagskrá fundarins.

Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á eigendafundi. Viku fyrir eigendafund hið skemmsta skulu dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur og skýrsla endurskoðanda, sé um ársfund að ræða, liggja frammi á skrifstofu lánasjóðsins.

Mál sem ekki hefur verið tilgreint á dagskrá er ekki unnt að taka til úrlausnar á eigendafundi nema með samþykki allra eigendafulltrúa, en gera má um það ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn lánasjóðsins. Þótt máls hafi ekki verið getið í dagskrá kemur það ekki í veg fyrir að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um málið, auk þess sem ársfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka til meðferðar samkvæmt lögum eða þessum samþykktum.

Löglega frambornar viðaukatillögur og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki verið sendar eigendafulltrúum.

10. gr.

Formaður stjórnar lánasjóðsins eða kjörinn fundarstjóri stjórnar eigendafundum og kjöri fundarritara. Fundarstjóri athugar í upphafi fundarins hvort löglega hafi verið til hans boðað, svo og hvort fundur sé lögmætur að öðru leyti og lýsir yfir hvort svo sé. Hann stýrir öllum umræðum og atkvæðagreiðslum.

Þegar fundur hefur verið settur skal liggja fyrir skrá yfir atkvæðisbæra eigendafulltrúa sem fund sækja. Skrá þessi skal notuð þar til eigendafundur kann að breyta henni. Þegar eigendafundir eru haldnir í tengslum við landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga skal byggja á álití kjörbréfanefndar landsþingsins við gerð slíkrar skrár.

11. gr.

Fundarritari heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir eigendafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir eigendafund skulu eigendafulltrúar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu lánasjóðsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

Skráðar fundargerðir skulu vera full sönnun þess sem gerst hefur á fundum.

12. gr.

Á eigendafundi hefur hver eigendafulltrúi eitt atkvæði.

Á eigendafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða landslögum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar á eigendafundi og ræður þá hlutkesti úrslitum.

III. KAFLI

Stjórn lánasjóðsins.

13. gr.

Stjórn lánasjóðsins skal skipuð fimm mönnum kjörnum árlega á ársfundi og skal formaður stjórnar kjörinn sérstaklega. Jafnframt skulu kjörnir fimm menn til vara. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.

Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum eftir því sem þurfa þykir.

14. gr.

Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra. Stjórnarfundir skulu boðaðir með minnst sólarhringsfyrirvara. Stjórnarfundir eru ályktunarbærir ef meiri hluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn þeirra. Til að ákvörðun stjórnarfundar teljist gild þarf hún stuðning meiri hluta stjórnarmanna.

Stjórnin skal halda gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni. Heimilt er að tölvufæra fundargerðir stjórnar samkvæmt nánari ákvörðun hennar.

15. gr.

Stjórn lánasjóðsins hefur æðsta vald í málefnum lánasjóðsins milli eigendafunda. Hún fer með málefni lánasjóðsins og skal annast um að skipulag lánasjóðsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna lánasjóðsins. Stjórn lánasjóðsins skal ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti nema þau séu veruleg miðað við stærð lánasjóðsins. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti.

Stjórnin skal setja reglur um verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra þar sem fram komi mörk lánaheimilda framkvæmdastjóra svo og reglur varðandi ákvarðanir um fjárfestingar, sbr. 1. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002.

Stjórn lánasjóðsins ræður honum framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans.

Stjórn lánasjóðsins getur ein veitt prókúruumboð fyrir lánasjóðinn.

Undirritun meiri hluta stjórnar skuldbindur lánasjóðinn.

Stjórn lánasjóðsins skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Í þeim skal fjallað sérstaklega um heimildir stjórnar til að taka ákvarðanir um einstök viðskipti, framkvæmd reglna um sérstakt hæfi stjórnarmanna, meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarfélagaga og framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002.

Að öðru leyti fer um ábyrgð, vald og störf stjórnar samkvæmt lögum.

16. gr.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur lánasjóðsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn lánasjóðsins hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi lánasjóðsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna lánasjóðsins sé með tryggilegum hætti.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn lánasjóðsins, en leitar samráðs við stjórn um ráðningu þeirra. Hann segir og upp starfsmönnum og fjallar um launamál þeirra.

Framkvæmdastjóri skal fullnægja öllum þeim hæfisskilyrðum sem lög gera ráð fyrir á hverjum tíma.

IV. KAFLI

Reikningar og endurskoðun.

17. gr.

Á ársfundi skal kjósa lánasjóðnum löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til eins árs í senn. Skal hann rannsaka reikninga lánasjóðsins og öll reikningsgögn fyrir hvert starfsár og skal hafa aðgang að öllum bókum lánasjóðsins og skjölum í þeim tilgangi.

Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna lánasjóðsins eða starfsmanna. Um hæfi og hlutgengi við kosningu endurskoðanda fer að öðru leyti að lögum.

18. gr.

Starfsár lánasjóðsins og reikningsár er almanaksárið. Stjórn lánasjóðsins semur á hverju ári ársreikning og ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun, skýringar og heiti liða.

19. gr.

Senda skal Fjármálaeftirlitinu endurskoðaða ársreikninga í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Endurskoðandi skal gera endurskoðunarskýrslu sem leggja skal fyrir ársfund. Skýrslan skal vera komin í hendur stjórnarmanna í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir lok reikningsársins. Ársreikningurinn og endurskoðunarskýrslan skulu liggja frammi á skrifstofu lánasjóðsins a.m.k. viku fyrir ársfund. Að lokinni afgreiðslu ársfundar á ársreikningunum skulu þeir birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

V. KAFLI

Breytingar á samþykktum lánasjóðsins.

20. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmatum ársfundi eða aukafundi, enda hljóti breytingin samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða.

21. gr.

Breyting á samþykktum þessum öðlast gildi þegar breytingin hefur verið staðfest og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

VI. KAFLI

Slit, samruni eða formbreyting.

22. gr.

Um slit á félaginu eða samruna við önnur félög eða formbreytingu fer eftir lögum um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 136/2004.

VII. KAFLI

Önnur ákvæði.

23. gr.

Ef ákvæði samþykkt þessara mæla ekki á annan veg skal fara samkvæmt ákvæðum laga um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 136/2004, ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, ákvæðum laga um hlutafélög svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Samþykkt þessi, sem stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga hefur samþykkt samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 136/2004, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. janúar 2005.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

SAMÞYKKT**um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúans í Reykjavík.**

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar skipulagsráðs, mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögunum.

2. gr.

Undanskilin frá afgreiðslum skv. 1. gr. eru nýbyggingar, byggingarskilmálar, nafngiftir á götum, vegum og torgum, ásamt beitingu ákvæða í VI. kafla laganna eftir því sem við á, sbr. þó heimildarákvæði í samþykkt fyrir skipulagsráð. Ráðið getur ákveðið að fela byggingarfulltrúa afgreiðslu einstakra nýbygginga.

3. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur hann gefið út byggingarleyfi að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmála og öðrum samþykktum Reykjavíkurborgar um byggingarmál.

Byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 1. gr. til afgreiðslu skipulagsráðs, sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi skipulagsráðs og bókaðar í fundargerð, og hljóta endanlega afgreiðslu borgarráðs með sama hætti og samþykktir skipulagsráðs skv. IV. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

5. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

6. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa er honum heimilt að skjóta afgreiðslu hans til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og 10. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Skal aðilum leiðbeint um kærufrest þegar um kæranlega ákvörðun er að ræða.

7. gr.

Ofangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 7. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 558/2003 með sama heiti.

Umhverfisstofnun, 24. janúar 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Smári Þorvaldsson.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Krossanesborga á Akureyri sem fólkvangs.

Umhverfisstofnun hefur ákveðið að tillögu bæjarstjórnar Akureyrar, náttúruverndarnefndar Akureyrar og Umhverfisstofnunar að friðlýsa hluta Krossanesborga sem fólkvang í samræmi við 55. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Markmiðið með friðlýsinguinni er að vernda svæðið til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Með friðlýsinguinni er auk þess verndaður mikilvægur varpstaður fjölda fuglategunda, búsvæði sjaldgæfra plöntutegunda og sérstæðar jarðmyndanir og þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni.

Mörk svæðisins eru: að vestan: Norðurlandsvegur (þjóðvegur nr. 1), að norðan: sveitarfélagsmörk Akureyrarbæjar og Hörgárbyggðar (Lónið), að austan: væntanleg gata, sbr. aðalskipulag Akureyrar 1998-2018, og að sunnan: væntanleg gata, sbr. aðalskipulag Akureyrar 1998-2018.

Mörk svæðisins eru sýnd á meðfylgjandi, hnitsettum uppdrætti, dags. 10. apríl 2003 og eru hnitin eftirfarandi (ISN93):

Punktur	Hnit		Punktur	Hnit	
	norður	austur		norður	austur
P1	580309.683	539450.209	P2	580050.736	539536.525
P3	579896.328	539656.407	P4	579812.170	539785.401
P5	579611.726	539935.973	P6	579052.594	539987.763
P7	578940.624	539818.488	P8	578773.268	539711.553
P9	578684.075	539636.267	P10	578592.485	539571.530
P11	578349.363	539430.548	P12	578469.245	539208.526
P13	578650.028	538996.573			

Um fólkvanginn gilda eftirfarandi reglur:

1. Almennungi er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt. Á varptíma, frá 1. maí til 1. júlí ár hvert, er umferð fólks þó takmörkuð á því svæði fólkvangsins sem sýnt er á meðfylgjandi uppdrætti.
2. Mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi bæjarstjórnar Akureyrar og Umhverfisstofnunar.
3. Fuglaveiðar og eggjataka í fólkvangnum eru óheimilar svo og meðferð skotvopna.
4. Bæjarstjórn Akureyrar getur þó veitt heimild til þess að verja fuglalíf fólkvangsins, t.d. vegna vargs, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.
5. Lausaganga hunda er óheimil innan fólkvangsins.
6. Umferð hesta er óheimil innan fólkvangsins.
7. Umferð vélknúinna farartækja er óheimil innan fólkvangsins, nema vegna verkefna á vegum sveitarfélagsins.
8. Losun jarðefna, rusls og sorps er óheimil í fólkvangnum.
9. Bæjarstjórn Akureyrar, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, mun framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu göngustíga og uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið.

Náttúruverndarnefnd Akureyrar hefur umsjón og eftirlit með fólkvangnum í umboði Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar Akureyrar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.


Friðlýsingin tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

Umhverfisráðuneytinu, 27. janúar 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal.



UMHVERFISDEILD AKUREYRARÉJÆJAR

AUGLÝSING

um hækkun hunda- og kattaleyfisgjalda í Fjarðabyggð.

Með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, samþykktar um kattahald nr. 246/2000 og samþykktar um hundahald nr. 252/2000 í Fjarðabyggð hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkt að hækka gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Fjarðabyggð nr. 47/2002. Í 1. gr. gjaldskrár verður leyfisgjald fyrir hvern hund 8.208 kr. og í 2. gr. verður leyfisgjald fyrir kött 2.697 kr. Í 4. gr. verður hand-sömunargjald í fyrsta skipti 4.222 kr. og eftir hvert skipti 8.208 kr. Hækkun gjalda var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 15. desember 2004 og öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 19. janúar 2005.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald, skv. gjaldskrá þessari, sbr. 11. gr. samþykktar um rotþrær og siturlagnir fyrir Húnaþing vestra nr. 910/2004.

2. gr.

Gjald fyrir hreinsun rotþróa fyrir árið 2005 skal vera eftirfarandi.

Rotþró	0-2000 lítra	kr. 5.800 pr.þró
Rotþró	2001-4000 lítra	kr. 7.000 pr.þró
Rotþró	4001-6000 lítra	kr. 8.300 pr.þró
Rotþró	6001 lítra og stærri	kr. 2.300 pr./m ³

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé minni en 50 metrar.

Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega skv. reikningi.

3. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra 2. desember 2004, í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og sbr. ákvæði samþykktar um rotþrær og siturlagnir fyrir Húnaþing vestra, nr. 910, öðlast þegar gildi.

Húnaþingi vestra, 20. janúar 2005.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um niðurlagningu sjóða.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988, hefur dómsmálaráðherra lagt niður eftirtalda sjóði og stofnanir að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

Nr. í sjóða-skrá	Heiti	Nr. í B-deild Stjórnartíðinda
1392	Menningarsjóður kvenna í Hálsahreppi	551/1990
1077	Minningarsjóður Tómasar G. Hjaltasonar	307/1969
1058	Minningarsjóður Holgers Thuesens Bruun	88/1969
1133	Minningarsjóður Leons Einars Carlssonar	88/1974
383	Minningarsjóður Davíðs Guðmundssonar og Sigríðar Ólafsdóttur	129/1934
1295	Minningarsjóður Sveinbjörns Sveinbjörnssonar	221/1985
1062	Sjst. Sumarheimili templara	98/1969
1506	Gjafa- og minningarsjóður Skjólgarðs	883/2001
293	Líknarsjóður Arnarneshrepps	42/1929
1479	Bókakaupasjóður Háskólans á Akureyri	373/1995
1288	Sjst. Tónlistarskóli Vesturbæjar	425/1984
263	Framkvæmdasjóður Þverárhrepps	38/1927
1490	Minningarsjóður Sveins Björnssonar	80/1996
1465	Vistheimilið Sólborg á Akureyri	6/1968
1444	Sjst. Íslensk Myndsýn	149/1994
162	Minningarsjóður Bjarna Þórðarsonar og Þóreyjar Pálsdóttur	106/1918

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. janúar 2005.

F. h. r.
Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Eigendur katta í Húnaþingi vestra skulu greiða sveitarsjóði skráningargjald sem ætlað er að standa undir kostnaði skv. 2. gr. samþykktar um kattahald í Húnaþingi vestra, nr. 172/2000. Innifalið í leyfisgjaldinu er merkispjald auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattarins skal innheimta gjald að upphæð kr. 1.200. Ef endurnýja þarf merkispjald skal innheimta gjald að upphæð kr. 800.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 2. desember 2004 er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt af heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra þann 20. desember 2004, öðlast þegar gildi.

Húnaþingi vestra 20. janúar 2005.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

á deiliskipulagi í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag Gesthúsasvæðis við Rauðholt á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 20. janúar 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir ferðaþjónustusvæði Gesthúsa í Rauðholti á Selfossi.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:1000/1:2000 þann 11. október 2004 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 24. nóvember til og með 22. desember 2004 með athugasemdafresti til og með 5. janúar 2005.

Engar athugasemdir bárust við auglýsingu.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 24. janúar 2005.

Grétar Zóphaníasson, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra er samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra með vísan til samþykktar nr. 159/2000 um söfnun og förgun úrgangsefna í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Sorphirðugjald í Húnaþingi vestra fyrir árið 2005 er sem hér segir:

Sorphirðugjald á hvert íbúðarhús í þéttbýli kr. 11.000 á hverja sorptunna.

Sorpeyðingargjald á íbúðarhús/sumarbústað í dreifbýli kr. 6.000.

Sorphirðu-/sorpeyðingargjald á fyrirtæki; hlutfallslegt, byggt á gjaldskrár fyrir heimilissorp miðað við fjölda sorptunna sem fyrirtækið þyrfti á að halda skv. reynslu og mati yfirmanns tæknideildar Húnaþings vestra.

Gjaldskrá þessi sem var samin af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 2. desember 2004, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, sbr. samþykkt heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra 20. desember 2004, öðlast þegar gildi.

Húnaþingi vestra, 20. janúar 2005.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.

3. febrúar 2005

Nr. 169

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Reykjanesi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hafa bæjarstjórnir Reykjanesbæjar þann 16. nóvember 2004 og Grindavíkur þann 10. nóvember 2004 samþykkt breytingu á deiliskipulagi á Reykjanesi með grenndarkynningu.

Deiliskipulagið tekur til iðnaðarsvæðis á Reykjanesi.

Greinargerð og uppráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 3. febrúar 2005.

Viðar Már Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri umhverfis- og
skipulagssviðs Reykjanesbæjar.

Guðni Þór Gunnarsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Grindavíkur.

3. febrúar 2005

Nr. 170

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 18. nóvember 2004 var samþykkt breyting á deiliskipulagi lóðarinnar að Túngötu 1, Ísafirði.

Breyting felst í að byggingarreitur er stækkaður að norðvestur hlið lóðarinnar. Á lóðinni má byggja nýbyggingu í stað núverandi bílskúrs, kjallara og jarðhæð, innan byggingarreits, allt að 8,5 x 5,5 metrar að stærð. Milli aðalhúss og nýbyggingarinnar verður heimilt að byggja tengibyggingu, kjallara og jarðhæð, allt að 8 fermetrar að grunnfleti. Hæsta hæð þaks nýbyggingar verði ekki meiri en 5,2 metra yfir gólfi jarðhæðar.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 3. febrúar 2005.

Stefán Brynjólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um togveiðar á kolmunna 2005.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa á kolmunna á samningsvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) í fiskveiðilögsögu Íslands og í lögsögu þeirra landa, þar sem íslensk skip hafa rétt til að veiða samkvæmt samningum. Á árinu 2005 er íslenskum skipum heimilt að veiða 345 þús. lestir af kolmunna og skal Fiskistofa skipta því heildarmagni milli þeirra á grundvelli aflahlutdeildar þeirra. Ákvörðun um leyflegt heildarmagn verður endurskoðuð á árinu.

2. gr.

Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda flotvörpuveiðar á kolmunna skv. 1. gr. án sérstaks leyfis Fiskistofu. Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda flotvörpuveiðar á kolmunna, sem hafa aflamark í kolmunna.

3. gr.

Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar með flotvörpu vestan 20°30'V og innan línu fyrir Suður- og Austurlandi sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|-----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°05,90 N - 20°30,00 V | 14. 64°21,70 N - 12°17,30 V |
| 2. 63°11,40 N - 19°07,30 V | 15. 64°32,30 N - 11°41,00 V |
| 3. 63°07,50 N - 18°38,00 V | 16. 65°00,00 N - 11°28,00 V |
| 4. 63°09,00 N - 18°27,00 V | 17. 65°27,00 N - 11°24,00 V |
| 5. 63°07,00 N - 18°02,00 V | 18. 65°32,51 N - 11°25,55 V |
| 6. 63°12,50 N - 17°00,00 V | 19. 65°37,50 N - 12°57,61 V |
| 7. 63°20,00 N - 16°03,00 V | 20. 65°50,56 N - 12°57,61 V |
| 8. 63°22,50 N - 15°51,00 V | 21. 66°00,00 N - 12°51,80 V |
| 9. 63°26,00 N - 15°29,00 V | 22. 66°03,00 N - 12°36,80 V |
| 10. 63°30,70 N - 15°00,00 V | 23. 66°14,00 N - 12°40,00 V |
| 11. 63°33,60 N - 14°41,70 V | 24. 66°23,00 N - 12°51,00 V |
| 12. 63°43,40 N - 13°53,00 V | 25. 66°33,16 N - 13°23,43 V |
| 13. 64°00,00 N - 13°07,00 V | 26. 66°41,65 N - 12°51,09 V |

og þaðan í rv. 305° að mörkum fiskveiðilögsögunnar.

4. gr.

Íslenskum skipum sem leyfi hafa fengið til kolmunnaveiða með flotvörpu er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar sbr. reglugerð nr. 303/1999 um afladagbækur. Þar skal fram koma m.a. veiðisvæði, veiðitími og afl í hverju togi. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum lýkur.

Þegar kolmunni er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0.05

5. gr.

Kolmunnasýni skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð. Í hverju sýni skulu vera 100-200 stykki af kolmunna sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnuninni í Reykjavík eða útibúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

6. gr.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda kolmunnaveiðar í flotvörpu sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

7. gr.

Um tilkynningar við kolmunnaveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda ákvæði reglugerðar nr. 477/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði (NEAFC) Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar með síðari breytingum og taka þær tilkynningar einnig til veiða innan lögsögunnar sem og veiða í færeyskri lögsögu. Um tilkynningar til Færeyja vegna veiða innan færeysku lögsögunnar fer samkvæmt reglum færeyskra stjórnvalda.

8. gr.

Skipstjóri skal, svo fljótt sem verða má eftir að veiðum lýkur og eigi síðar en 4 klukkustundum eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrslu um áætlaðan kolmunnaafla í viðkomandi veiðiferð á því formi sem Fiskistofa ákveður. Í skýrslunni skal koma fram kolmunnaafli skipsins sundurliðaður eftir afla innan fiskveiðilandhelgi Íslands, afla á alþjóðlegu hafsvæði og afla innan fiskveiðilandhelgi Færeyja.

9. gr.

Kolmunnaafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Þó er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa kolmunnaafla til bræðslu í fiskimjölverksmiðju í erlendri höfn, enda liggi fyrir að eftirlit með löndun og vigtun sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtarnótu. Um vigtun á kolmunna gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávaraflla með síðari breytingum.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. febrúar 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2005.

1. gr.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk stjórnvöld um heimildir færeyskra skipa til veiða á kolmunna í fiskveiðilandhelgi Íslands á árinu 2005.

Allar kolmunnaveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

2. gr.

Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar með flotvörpu vestan 20°30'V og innan línu fyrir Suður-og Austurlandi sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|-----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°05,90 N - 20°30,00 V | 14. 64°21,70 N - 12°17,30 V |
| 2. 63°11,40 N - 19°07,30 V | 15. 64°32,30 N - 11°41,00 V |
| 3. 63°07,50 N - 18°38,00 V | 16. 65°00,00 N - 11°28,00 V |
| 4. 63°09,00 N - 18°27,00 V | 17. 65°27,00 N - 11°24,00 V |
| 5. 63°07,00 N - 18°02,00 V | 18. 65°32,51 N - 11°25,55 V |
| 6. 63°12,50 N - 17°00,00 V | 19. 65°37,50 N - 12°57,61 V |
| 7. 63°20,00 N - 16°03,00 V | 20. 65°50,56 N - 12°57,61 V |
| 8. 63°22,50 N - 15°51,00 V | 21. 66°00,00 N - 12°51,80 V |
| 9. 63°26,00 N - 15°29,00 V | 22. 66°03,00 N - 12°36,80 V |
| 10. 63°30,70 N - 15°00,00 V | 23. 66°14,00 N - 12°40,00 V |
| 11. 63°33,60 N - 14°41,70 V | 24. 66°23,00 N - 12°51,00 V |
| 12. 63°43,40 N - 13°53,00 V | 25. 66°33,16 N - 13°23,43 V |
| 13. 64°00,00 N - 13°07,00 V | 26. 66°41,65 N - 12°51,09 V |

og þaðan í rv. 305° að mörkum fiskveiðilögsögunnar.

3. gr.

Færeyskum skipum sem leyfi hafa fengið til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar þar sem fram komi veiðisvæði, veiðitími og afli í hverju togi. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum lýkur.

Veiðarfæri, sem ætluð eru til annarra veiða en kolmunnaveiða, skulu geymd í sérstakri veiðarfæragymslu.

4. gr.

Aðeins er þeim færeyskum fiskiskipum heimilt að stunda kolmunnaveiðar í flotvörpu innan íslenskrar lögsögu sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn færeysku Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

5. gr.

Tilkynna skal Landhelgisgæslunni siglingu skipsins inn í íslenska lögsögu með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

6. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 06.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Aflí síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða aflí frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða, sundurliðaður eftir tegundum.

7. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokutilkynning“ (exit report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Aflí síðan síðasta aflatilkynning var send, sundurliðaður eftir tegundum.

8. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkynning“ (control report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr.

9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 8. gr. er Eftirlitsstöðinni heimilt að ákveða önnur tímamörk en þar greinir þegar skip siglir inn í íslenska lögsögu og þegar það yfirgefur lögsöguna.

10. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

11. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

12. gr.

Skip sem veiðileyfi hafa skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. febrúar 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
150	24. jan.	Auglýsing um breytingu á greinargerð aðalskipulags Búðahrepps 2002-2022	178-179
151	25. jan.	Reglugerð um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði	179-180
152	15. jan.	Auglýsing um skrá Snæfellsbæjar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	181
153	26. jan.	Samþykkt um breytingar á samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 52/2002	182
154	28. jan.	Gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss	183-184
155	27. jan.	Reglugerð um greiðslu kostnaðar vegna prestsþjónustu við útfarir, grafartöku og árlegt viðhald legstaða	184-185
156	26. jan.	Reglur um viðbótareiginfjárliði fyrir fjármálafyrirtæki	185-187
157	28. jan.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Árborg	187-188
158	21. jan.	Gjaldskrá Hafnasamlags Norðurlands (HN)	188-191
159	19. jan.	Auglýsing um hækkun gjaldskrár Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar	191
160	18. jan.	Samþykktir fyrir Lánasjóð sveitarfélaga	192-196
161	24. jan.	Samþykkt um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúans í Reykjavík	196-197
162	27. jan.	Auglýsing um friðlýsingu Krossanesborga á Akureyri sem fólkvangs	197-199
163	19. jan.	Auglýsing um hækkun hunda- og kattaleyfisgjalda í Fjarðabyggð	200
164	20. jan.	Gjaldskrá fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra ...	200
165	20. jan.	Auglýsing um niðurlagningu sjóða	201
166	20. jan.	Gjaldskrá fyrir kattahald í Húnaþingi vestra	201-202
167	24. jan.	Auglýsing á deiliskipulagi í Sveitarfélaginu Árborg	202
168	20. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra	202-203
169	3. feb.	Auglýsing um deiliskipulag á Reykjanesi	203
170	3. feb.	Auglýsing um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ	203
171	2. feb.	Reglugerð um togveiðar á kolmunna 2005	204-205
172	2. feb.	Reglugerð um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2005	206-208

